



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

13. janúar 2011
2. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



FJÖLSKYLD
UTILBOD!
FJÖLSKYLDUTILBOD!



FJÓRIR
HAMBORGARAR

2L
COKE

STÓR
SKAMMTUR
FRANSKAR

TVÆR
KOKTEILSÓSUR

3490. kr



Vestfirðingur ársins 2010

„Ef ég sé einhvern sem ég get glatt eða þarfnast hjálpar þá geri ég það og reyni bara að lifa eftir því,“ segir Benedikt Sigurðsson, betur þekktur sem Benni Sig, sem kosinn var Vestfirðingur ársins. Hann segir frá íþróttunum, tónlistinni og ákvörðun sinni um að reyna að láta gott af sér leiða á miðopnu.



EIMSKIP

Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

Yfir hafið og heim

Ebba tekur við af Karitas

Friðgerður Ebba Sturludóttir hefur verið ráðin skrifstofustjóri skrifstofu verkafélagsfélaganna á Ísafirði. Varð hún fyrir valinu úr hópi 18 umsækjenda um starfið. Ebba, en svo er hún kölluð í daglegu tali, kemur í stað Karitasar Pálsdóttur sem hefur þjónað félagsmönnum hátt í 30 ár, bæði í trúnaðarstörfum og sem starfsmaður skrifstofu félaganna á Ísafirði. Ebba tók formlega við af Karitas um áramótin. Karitas mun þó áfram sinna trúnaðarstörfum fyrir Verk-Vest til loka núverandi kjörtímabils. „Um leið og Verkalýðsfélag Vestfirðinga býður Ebbu velkomna til starfa þá eru Karitas sendar árnaðaróskir og þakkir fyrir óeigngjörn og samviskusamlega unnin störf fyrir verkalýðshreyfinguna undanfarna áratugi,“ segir í tilkynningu.



Tæplega 50 útköll á Hlíf

Vaktmenn öryggisþjónustu á Hlíf, þjónustuíbúðum aldraðra á Ísafirði, fóru 47 sinnum í útköll vegna öryggishnappa á nýliðnu ári. Snemma á árinu tók Slökkvilið Ísafjarðarbæjar að sér að vakta öryggishnappa fyrir íbúa á Hlíf og lokun á húsinu á hverju kvöldi. Er þrýst er á hnappinn hringir síminn hjá þeim sem er á vakt og hann ræðir við viðkomandi á meðan aðstoð berst. Tók slökkviliðið við af þeirri þjónustu er þjónustudeild Hlífar lokaði mánaðamótin janúar-febrúar. Á árinu voru einnig 42 útköll vegna brunabóða, 15 vegna lyftu 15 og eitt vegna vatnsleka. Þetta kemur fram í ársskýrslu slökkviliðsins.

Samstarf um leikskóla?

„Þetta er hugmynd sem hefur verið til umræðu að undanförunu en hún er ekki komin á rekkpól,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, um mögulegt samstarf leikskólans í Bolungarvík og leikskólans Hnífsdal. „Við höfum rætt um möguleikann á því að fá vistun fyrir börn sem eru yngri en 18 mánaða í Bakkaskjólí í Hnífsdal.“ Leikskólinn Glaðheimar í Bolungarvík hefur ekki vistað börn sem eru yngri en 18 mánaða en gætt hefur nokkrar óánægju meðal bæjarbúa með það fyrirkomulag. Þá hefur komið til umræðu að loka Bakkaskjólí í Hnífsdal vegna þess hve fá börn eru á leikskólanum. „Hugmyndin er góð og samstarf kemur vel til greina, en hugmyndin ekki komin til framkvæmda hvað svo sem síðar verður,“ segir Elías.

Skóða aukið samstarf safna

Stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti hefur ákveðið að kanna möguleika á auknu samstarfi og jafnvel sameiningu við Byggðasafn Vestfjarða. Þetta kom fram á síðasta stjórnarfundinum safnsins. Þar var formanni stjórnar einnig falið að kanna hjá Umhverfisstofnun hvort hægt verði að koma upp starfsstöð Vatnsfjarðar/Látrabjargsstofu að Hnjóti á vordögum í samvinnu við Minjasafnið. Þá var formanni falið að auglýsa nú þegar eftir rekstraraðila að kaffiteríu safnsins fyrir komandi sumarvertíð en til stendur að koma þar upp upplýsingamiðstöð og kaffiteríu. Á fundinum var jafnframt samþykktur nýr ráðningarsamningur við forstöðumann safnsins, Sigurbjörgu Ásgeirsdóttur.

Sjúkraflutningum fækkar

Sjúkraflutningum Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fækkaði ör-lítið milli ára samkvæmt ársskýrslu liðsins. Á síðasta ári voru sjúkraflutningsútköll 166 og þar af voru almennir flutningar 108 og forgangsflutningar voru 65. Árið 2006 voru sjúkraflutningarnir 170 sem var mikil fækkun frá fyrra ári þegar þeir voru 228 talsins. Undanfarinn áratug hefur fjórum sinnum verið meira um sjúkraflutninga en á árið 2008; árið 2001 voru útköllin 232 talsins, 250 árið 2002, 235 árið 2004 og flestir voru þeir árið 2006 eða 252 talsins.

Hálfur milljarður í snjóflóðavarnir

Áætlað er að kostnaður við snjóflóðavarnir í Bolungarvík verði um hálfur milljarður króna á næsta ári. Hluttur sveitarfélagsins er 10% eða um 50 milljónir króna og verður að fullu fjármagnaður með láni frá Ofanflóðasjóði að því er fram kemur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir 2011. Hjá Bolungarvíkurhöfn er gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir

13,7 milljónir króna. Þar er helst að nefna endurbætur á brimvörn utan við Brimbrjótinn, öldudempandi fláa innan við brjótinn og lengingu á flotbryggju um 30 metra.

Allt eru þetta verkefni sem reiknað er með að fari inn á samgönguáætlun ársins og er heildarkostnaðurinn 34 milljónir. Þá er reiknað með fjárveitingu í lýs-

ingu á Sjávarbraut ásamt vegriði eða annari vörn. Þá er gert ráð fyrir að aðalsjóður taki 45 milljóna króna langtímalán, sem upphaflega var reiknað með að taka á árinu 2010, til að greiða niður óhagstæðari lán. Þá er reiknað með að hafnarsjóður taki 36 milljóna lán vegna framkvæmda og vegna greiðslu skulda við aðalsjóð. – *thelma@bb.is*



Fasteignir Ísafjarðarbæjar eiga 88 íbúðir á Ísafirði.

Vilja móta stefnu um fasteignasafn Ísafjarðarbæjar

Bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ leggja áherslu á að nú þegar verði mótuð stefna á vegum bæjarins varðandi fjölda og stærð þess íbúðarhúsnæðis, sem bærinn hefur til útleigu á vegum Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Þetta kemur fram í bókun sem þeir lögðu fram á síðasta bæjarstjórnarfundinum. Þar var lögð fram skrifleg fyrirspurn frá fyrirspurn frá Sigurði Péturssyni, oddvita Í-listans, er varðar beiðni um upplýsingar um auglýsingar og sölu íbúða Ísafjarðarbæjar, hver

er ástæða fyrir sölu eigna, fjölda íbúða í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., fjölda íbúða í eigu Ísafjarðarbæjar, sem eru í leigu og fjölda íbúða í eigu Ísafjarðarbæjar á Hlíf I, Ísafirði. Í svari sínu vakti framkvæmdastjóri Fasteigna Ísafjarðar máls á því að nauðsynlegt sé að Ísafjarðarbæjar marki sér formlega stefnu varðandi þessi mál.

„Að vísu hefur öllum verið ljós sú staðreynd að það er sveitarfélaginu hagfelld að selja eignir í ljósi þess að Varasjóður hús-

næðismála kemur til aðstoðar við uppgreiðslu áhvílandi lána, sem jafnan eru mun hærri en söluverð íbúða. Í ljósi þess hefur ákvörðun um fjölda seldra íbúða á ári speglast af því annars vegar hvar geta Varasjóðsins hefur verið og hins vegar hver eftirspurn og þölmörk eru á markaðnum,“ segir í bréfi Gísla Jóns Hjaltasonar framkvæmdastjóra.

Alls eru í eigu Ísafjarðarbæjar 117 íbúðir, þar af 88 á Ísafirði, 15 á Suðureyri, 3 á Flateyri og 11 á Þingeyri. – *thelma@bb.is*

Bílasalar hóflega bjartsýnir

„Það var aukning í seldum bílum á síðasta ári miðað árið á undan. Mér sýnist þetta vera um 20-30% aukning, en hins vegar hrundi markaðurinn algjörlega árið 2009 þannig við erum engu að síður að tala um mjög lítið magn,“ segir Bergmann Ólafsson hjá Bílatanga á Ísafirði sem er umboðsaðili fyrir Toyota og Suzuki á Ísafirði.

„Við erum þökkalega bjartsýnir á nýju ári. Fyrirspurnum hefur fjölgað töluvert og við finnum fyrir meiri áhuga. Hins vegar koma breytingar á vörugjöldum og mengunartollum núna um áramótin illa niður á okkur og öðrum bílasölum á landsbyggð-

inni. Fjórthjóladrifnir bílar munu með breytingunum hækka umtalsvert, en hlutfallslega seljast fleiri jeppar og jeplingar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er náttúrulega sú að samgöngur hér krefjast þess að fólk keyri á fjórthjóladrifnum bílum og þess vegna er fólgin í þessum breytingum ákveðinn landsbyggðarskattur. Við erum að horfa upp á mikla hækkingu; Toyota HiLux pallbíll sem kostaði um 4,3 milljónir króna fyrir áramót kostar nú um 5,2 milljónir og það munar um minna,“ segir Bergmann.

Hafsteinn Vilhjálmsson hjá HV umboðsverslun segir sömuleiðis

árið 2010 koma betur út en árið á undan, en hann er með söluumboð fyrir bíla frá Heklu. „Ég er ekki með beinhardar tölur en það er tilfinning mín að salan hafi aukist á árinu. Sér í lagi var ágæt sala síðustu mánuði ársins, en fleiri bílar seldust á tímabilinu september til desember en alla mánuðina á undan,“ segir Hafsteinn og bætir við að langmest sala hafi verið á notuðum bílum. „Það seldust ekki nema þrjár nýir bílar á öllu árinu, en mesta eftirspurnin er eftir ódýrum bílum sem verðlagðir eru á undir einni milljón króna,“ segir Hafsteinn Vilhjálmsson.

– *kte@bb.is*

Samkaup**úrval**

góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar **13. - 16. janúar****50%
afsláttur**~~329~~**165** kr/kg**Vatnsmelóna**
fersk**Góð
kaup!**~~749~~**599** kr/kg**Svínahakk**

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

...sjá nýja uppskrift í "Mexíkóskir réttir" á samkaupurval.is:
Mexíkóskar svínakótilettur maríneraðar í salsasósu, límónu og kúmeni!**35%
afsláttur****Svínakótilettur****948** kr/kg

verð áður 1.459 kr/kg

**34%
afsláttur**~~1.498~~**989** kr/kg**Svínahnakki**

úr kjötbörði eða pakkaður ferskur

**coop**

Mexíkó

**25%
afsláttur****194** kr/stk

verð áður 259 kr/stk

Salsasósa 300g**25%
afsláttur****172** kr/stk

verð áður 229 kr/stk

Tacosósa 230g**30%
afsláttur**~~2.198~~**1.539** kr/kg**Svínalundir**

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

**25%
afsláttur****292** kr/stk

verð áður 389 kr/stk

Jalapeno 220g**25%
afsláttur****104** kr/pk

verð áður 139 kr/pk

Guacamole 20g**25%
afsláttur****119** kr/pk

verð áður 159 kr/pk

Tacokrydd 40g**30%
afsláttur**~~998~~**699** kr/kg**Heill kjúklingur**

frá Ísfugli

**25%
afsláttur****262** kr/pk

verð áður 349 kr/pk

Tacoskeljar 135g**25%
afsláttur****254** kr/pk

verð áður 339 kr/pk

Tortillavefjur 8 stk**25%
afsláttur****194** kr/pk

verð áður 259 kr/stk

Flögur 150g

...einstök þjónusta í góðum verslunum

...sjá fleiri sparnaðartilboð, uppskriftir og upplýsingar varðandi opnunartíma verslana á

samkaupurval.is



Benedikt Sigurðsson Vestfirðingur ársins 2010 tók við viðurkenningu í tilefni útnefningarinnar úr hendi Thelmu Hjaltadóttur blaðamanns.

Benedikt Vestfirðingur ársins 2010

Vestfirðingur ársins 2010 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Benedikt Sigurðsson, 35 ára Bolvíkingur. Benedikt hefur verið sundþjálfari Sundfélagsins Vestra á Ísafirði undanfarin ár auk þess sem hann hefur komið víða við í tónlistinni. Þá hefur hann unnið mikið sjálfboðastarf til styrktar þeim sem minna mega sín auk þess sem hann hefur látið málefni yngra fólksins og eldri borgara sig varða. Benedikt fékk 25% greiddra atkvæða í kjörinu en rúmlega þrjú hundruð atkvæði bárust. „Því miður er bara til eitt svona eintak. Hann er óþreytandi að leggja góðum málum lið, bæði í gegnum tónlist og íþróttir. Hann

er góð fyrirmynd fyrir ungt fólk. Gefur mikið af sér til samfélagsins. Gull af manni. Öll sveitarfélög ættu að eiga eitt stykki Benna Sig.“ segir meðal annars í umfjöllun lesenda vefjarins um Benedikt.

Í öðru sæti í vali á Vestfirðingi ársins voru tveir einstaklingar, Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson. Þau voru frábærir fulltrúar heimabyggðar sinnar með skýrslu sem þau unnu til varnar áætluðum niðurskurði ríkisstjórnarinnar hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Dóra Hlín og Kristinn eru bæði Ísfirðingar, hún er efnaverkfræðingur að mennt og Kristinn er hagfræðingur og búsettur um þessar mundir í Skot-

landi. Í þriðja sæti varð Ísfirðingurinn Sigurður Ólafsson (oftast kallaður Búi). Hann hefur í gegnum árin unnið óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf, m.a. fyrir Krabbameinsfélagið Sigurveg og Kiwanisklúbbinn Bása. „Búi er hvunnudagshetta sem er nauðsynleg hverju bæjarfélagi,“ sagði einn lesandi bb.is.

Í næstu sætum komu Sigríður Jóna Guðmunda Sigurðardóttir húsmóðir á Ísafirði, Þórunn Vagnsson, útvarpsstjóri með meiru í Bolungarvík, Halldór J. Egilsson sjómaður á Ísafirði, Ágúst G. Atlason, áhugaljósmyndari með meiru á Ísafirði, Karen Elísabet Særún Ingvarsdóttir, veitingamaður á Ísafirði, Jóhannes Jóns-

son, kvikmyndatökumaður á Ísafirði og Elfar Logi Hannesson, leikari á Ísafirði.

Alls fengu 79 einstaklingar atkvæði í kosningunni en á fjórða hundruð manns tóku þátt í kjörinu. Benedikt fékk eins og áður sagði 25% greiddra atkvæða, því næstu komu Dóra Hlín og Kristinn með 15% greiddra atkvæða og Sigurður fékk 12% greiddra atkvæða. Þeir sem höfnuðu í tíu efstu sætum fengu 70% greiddra atkvæða.

Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Halldór Gunnar Pálsson (2009), Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Sunneva Sigurðardóttir (2006), Sig-

ríður Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson – Mugison (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og Guðmundur Halldórsson (2001).

Benedikt tók við viðurkenningu í tilefni útnefningarinnar um helgina sem og eignar- og farandgrip sem smíðaður er af Ísfirðingnum Dýrfinnu Torfadóttur, gullsmið.

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2010, Gullauga ehf., á Ísafirði, Skýrr hf., í Reykjavík og fréttavefurinn bb.is, þakka lesendum þátttökuna og óska þeim velfarnaðar nýbyrjuðu ári.

– bb@bb.is

Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2010: Jón Guðbjartsson, Guðmundur M. Kristjánsson, Emil Pálsson, Úlfur Úlfarsson, Stefán Dan Óskarrson, Ólafía Sif Magnúsdóttir, Arnþrúður Aspelund, Birgir Árni Birgisson, Hálfán Guðröðarson, Margrét Gunnarsdóttir, Sveinbjörn Pétursson, Magnús Hauksson, Magnús Hávarðarson, Gerður Eðvarðsdóttir, Kristín Þórunn Helgadóttir, Þorbjörn Steingrímsson, Þórunn Steingrímsson, Borce Ilievski, Katrín Gunnarsdóttir, Vilborg Arnardóttir, Benedikt Sigurðsson, Guðjón Már Þorsteinsson, Sigmundur F. Þórðarson, Craig Schoen, Ólafur Halldórsson, Tinna Rún Snorraddóttir, Guðbrandur Baldursson, Dóra Hlín Gísladóttir, Kristinn Hermannsson, Smári Haraldsson, Jakob Valgeir Flosason, Kristbjörn Róbert Sigurjónsson, Halldór Smárason, Jón Ingi Högnason, Örn Smári Gíslason, Sigurður Ólafsson, Sigrún Jóna Guðmunda Sigurðardóttir, Jónas Guðmundsson, Þórunn Vagnsson, Elma Guðmundsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Anna Karen Kristjánsdóttir, Halldór J. Egilsson, Ágúst Atlason, Jón Guðni Pétursson, Wouter Van Hoeymissen, Martha Ernstsóttir, Arnar Þór Þorláksson, Bragi Valdimar Skúlason, Rúnar Óli Karlsson, Sigurður Jónsson, Sigurjón J. Sigurðsson, Laufey Eypórsdóttir, Karen Elísabet Særún Ingvarsdóttir, Hjalti Hermann Gíslason, Egill Kristjánsson, Elenborg Helgadóttir, Ester Unnsteinsdóttir, Haraldur Jón Sigbjartsson, Guðrún Pálsdóttir, Viðar Finnsson, Lýður Árnason, Samúel Samúelsson, Einar Valur Kristjánsson, Guðrún Sigríður Valgeirsdóttir, Gústaf Gústafsson, Jóhannes Jónsson, Elfar Logi Hannesson, Jón Þorláksson, Peter Weiss, Árni Brynjólfsson, Birna Mjöll Atladóttir, Þröstur Ólafsson, Matthildur Helgadóttir, Sunna Karen Einarsdóttir, Barði Sæmundsson, Hallgrímur Sveinsson, Bræðurnir að Núpi í Dýrafirði, Fjallabræður, Strákarnir í Bí Bolungarvík og Aðstandendur og sjálfboðaliðar Aldrei fór ég suður.

Ummæli um þrjá efstu í kjörinu

Benedikt Sigurðsson:

„Það er því miður bara til eitt svona eintak – Ópreytandi að leggja góðum málum lið, bæði í gegnum íþróttir og tónlist – Hefur skemmt mörgum Vestfirðingum í gegnum árin – Góð fyrirmynd fyrir ungt fólk – Gefur og gleður – Annað eins gull af manni er erfitt að finna – Gefur mikið af sér til samfélagsins – Öll bæjarfélög ættu að eiga eitt stykki Benna Sig – Jákvæður og hjartahlýr maður – Hefur einnig látið málefni eldri borgara og hjálparstofnana sig varða – Gleðigjafi hvar sem hann er – Einstakur maður sem er hjartsýnn á lífið – Góður og hjartahlýr leiðtogi – Óeigingjarn, tillitsamur og gefandi einstaklingur – Heilbrigð sál í hraustum líkama – Drengur með hjarta sem slær fyrir Vestfirði.“



Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson:

„Frábærir fulltrúar heimabyggðar sinnar – Snerust til varnar þegar koma að áætluðum niðurskurði hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða – Staðið sig vel sem talsmenn Heimavarnarliðsins – Fyrirmyndar Vestfirðingar í alla staði – Öflugt baráttufólk – Röggsum framganga gegn niðurskurði í heilbrigðisþjónustu Vestfirðinga – Unnu sjálfboðastarf við gerð skýrslu í þeirri von og trú að




Vestfirðir fengju að lifa – Unnu stórvirki fyrir íbúana –



Unnu óeigingjarnt starf í þágu Vestfirðinga.“

Sigurður Ólafsson:
„Góður karl sem vill hjálpa öllum – Hefur unnið óeigingjarn starf fyrir Krabbameinsfélagið Sigurvon og fleiri félagasamtök – Heldur uppi heiðri Vestfjarða – Hvunnagshetja sem er nauðsynlegt fyrir hvert bæjarfélag – Flottur karl – Duglegur maður sem leggur sig allan fram í því sem hann gerir – Frábær maður í alla staði.“



Gert ráð fyrir 90 milljóna króna hagnaði af rekstri

Rúmlega 90 milljóna króna hagnaður verður af rekstri Bolungarvíkurkaupstaðar á árinu 2011 samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 sem tekin var til síðari umræðu á bæjarstjórnarfundum á næst síðasta degi ársins 2010 og var samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúa. Samkvæmt áætluninni verður 15,9 milljóna króna hagnaður af rekstri A-hluta en stofnanir í B-hluta munu skila 1,2 milljón króna hagnaði af reglulegri starfsemi. Ef óreglulegar tekjur eru teknar með verður hagnaður af samstæðu A og B hluta rúmlega 90 milljónir króna. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins verði 618 milljónir króna en þar af verði tekjur A-hluta 507 milljónir króna.

Þá er gert ráð fyrir að í árslok 2011 verði skuldir sveitarfélagsins orðnar 1.002 milljónir en þar af verði skuldir A-hluta 739 milljónir. Því verður skuldahlutfall

samstæðunnar 1,62 og skuldahlutfall A-hluta 1,46. Framlegð af rekstri eða EBITDA hjá Bolungarvíkurkaupstað verður um 100 milljónir eða 15,3% af heildartekjum og veltufé frá rekstri er áætlað 70 milljónir en að meðaltali þarf árlegt veltufé frá rekstri að vera yfir 60 milljónir næstu árin til að standa undir afborgunum langtímalána sveitarfélagsins.

Gjaldskrár voru í flestum tilvikum hækkaðar í takt við verðlag eða um 2% en þó er rétt að geta þess að engar breytingar voru gerðar á gjaldskrár leikskóla, tónlistarskóla, heilsdagsvistun, mótuneytis og heimaþjónustu.

Helstu fjárfestingar og viðhaldsverkefni ársins eru að lokið verður við framkvæmdir við Félagsheimili Bolungarvíkur og fyrri hluti snjóflóðavarna í Traðarhrynu verður kláraður. Auk þess verður aðgengi ferðamanna



ad sjóminjasafninu í Ósvör bætt, kláruð verður tengibyggging milli grunnskóla og sundlaugar, húsnæði Drymlu og félagsmiðstöðvarinnar að Vitastíg 1 verður lagfært að utan og málað og aðgengi fatlaðra að Ráðhúsinu verður bætt. Á hafnarvæðinu verður flotbryggja lengd um 30 metra og ráðist í viðgerð á brimvarnargarðinum fyrir utan Brimbrjótinn auk þess sem öldudempandi flái

verður gerður innan við Brjótinn. Þá er gert ráð fyrir ganga frá lýsingu við nýja veltungu milli hafnarvæðanna.

„Fjárhagsáætlun ársins 2011 gerir ráð fyrir hallalausum rekstri sveitarfélagsins án þess að gripið sé til álags á útsvar eins og Bolvíkingar hafa þurft að búa við undanfarin tvö ár. Ljóst er að ekki má mikið útaf bregða til að halli verði á rekstrinum og er því

áframhaldandi aðhald nauðsynlegt. Það er þó ljóst að nokkur árangur hefur náðst og er sveitarfélagið væntanlega nálægt því að vera um miðbik allra sveitarfélaga í landinu t.d. hvað varðar skuldir og skuldbindingar á íbúa sem samkvæmt áætluninni verða að frádregnum veltufjármunum 951 þúsund krónur á hvern íbúa,“ segir í tilkynningu kaupstaðarins.

– thelma@bb.is

Nýtt veiðihjól væntanlegt

„Árið hefur verið skemmtilegt og starfið gengið samkvæmt áætlun,“ segir Jón Páll Hreinsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins Einarsson Fly fishing, sem framleiðir hágæða veiðihjól á Ísafirði. „Við voru sér í lagi ánægðir með hversu heimamenn voru duglegir að heimsækja litlu búðina okkar að Sindragötu. Hugmyndin var að setja á fót litla sérhæfða verslun sem þjónustaði fluguveiðimenn á svæðinu og það var gaman af því hversu margir byrjendur í fluguveiði létu sjá sig á þessu fyrsta sumri verslunarinnar. Við erum allir miklir fluguveiðimenn og markmið okkar er m.a. að kynna fluguveiði fyrir sem flestum,“ segir Jón Páll sem segir spennandi ár framundan hjá fyrirtækinu. „Núna erum við að endurbæta húsnæðið sem við höfum haft undir starfsemi. Sú vinna gengur vel og við áformum að húsið verði tilbúið í febrúar. Undanfarin ár hefur mikil vinna verið lögð í þróun á nýjum vörum og í ár verður uppskeruhátíð þegar nýtt veiðihjól verður sett á markað,“ segir Jón Páll. – kte@bb.is



Nýtt veiðihjól frá Einarsson er væntanlegt á markað í ár.



Prýða vegg veitingastaðar

Strákarnir í áhöfn Júlíusar Geirmundssonar eiga orðið fríðan flokk aðdáenda utan landsteinanna. Myndir af þeim hanga nú uppi á vegg og blasa við viðskiptavinum Fish'n'Chicken á einum veitingastað fyrirtækisins í Englandi og þykja mikil prýði. Hermt er að myndir af skipverjum vekji óskipta athygli ungra kvenna í biðröðinni eftir „Fish'n'chips“ skammtinum sínum.

Undanfarin fimmtán ár hefur áhöfnin á Júlíusi Geirmundssyni unnið sérstaklega þorsklök með roði fyrir veitingastaðakeðjuna Fish'n'Chicken. Að baki þessarar stærstu keðju sinnar tegundar þar um slóðir stendur fjölskyldufyrirtæki. Veitingastaðir hennar eru orðnir á fjórða tug.

Fyrirtækið, sem aðallega selur á fisk- og kjúklingarétti, leggur ofurkapp á gæði alls hráefnis og íslenski fiskurinn er þar enginn undantekning. Frá þessu er greint á vef HG.

Umboðsaðili

AVIS bílaleiga leitar eftir umboðsaðila á Ísafirði. Í starfinu felst að leigja út og taka á mótí bílaleigubílum AVIS á Ísafirði ásamt þrífum.

Getur hentað vel með öðrum rekstri.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn á atvinna@alp.is. Nánari upplýsingar veitir Snorri í síma 591 4032.

Kómedíuleikhúsið
Miðasölusími: 450 5565

Síðasti dagur Sveins skotta

21. jan. fös. kl. 20	Edinborgarhúsið
22. jan. lau. kl. 20	Edinborgarhúsið
23. jan. sun. kl. 20	Félagsheimilið Þingeyri
27. jan. fim. kl. 20	Tjarnarbió Reykjavík
28. jan. fös. kl. 20	Tjarnarbió Reykjavík

Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum

4. feb. fös. kl. 20	Arnardal
5. feb. lau. kl. 20	Arnardal
11. feb. fös. kl. 20	Arnardal
12. feb. lau. kl. 20	Arnardal
17. feb. fim. kl. 20	Arnardal
18. feb. fös. kl. 20	Arnardal

Spurningin

Strengdir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 336.
Já sögðu 55 eða 16%
Nei sögðu 281 eða 84%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Ákveðin norðanátt, en vaxandi suðlæg átt um landið sunnan- og austanvert. Snjócoma eða éljagangur en úrkomu-minna norðaustanlands.

Hiti um og undir frostmarki. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir ákveðna vestlæga átt en suðaustlæga astantil og úrkomu í fyrstu. Heldur kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Ákveðin vestlæg átt og kalt í veðri.

Ritstjórnargrein

Vestfirðingur ársins 2010

„Það er því miður bara til eitt svona eintak,“ var eitt af mörgum ummælum, sem við höfð voru um Vestfirðing ársins 2010, Bolvikinginn Benedikt Sigurðsson, sem valinn var með nokkuð afgerandi hætti af á fjórða hundrað lesendum bb.is. Þessum vinsæla manni, sem sagður er „óþreytandi að leggja góðum málum lið,“ eru færðar hamingju-óskir með verðskuldaðan heiður. Og að sjálfsögðu eiga lesendur BB kost á að kynna honum betur í blaðinu í dag, þessari „góðu fyrirmynd fyrir ungt fólk,“ svo vitnað sé til frekari ummæla.

Annað sætið vermdu tveir einstaklingar, þau Dóra Hlín Gísladóttir, efnaverkfræðingur og Kristinn Hermannsson, hagfræðingur, sem svo sannarlega minntu á sig með framlagi sínu til varnar heilbrigðisþjónustunni á Vestfirðum, sem með áratuga þrautsegu og ómetanlegum stuðningi heimamanna, fyrirtækja, félagsamtaka og einstaklinga hefur tekist að byggja upp, þegar stjórnvöld hugðust höggva þar í óbætanlegt skarð: „Óflugt baráttufólk. – Unnu stórvirki fyrir íbúana.“

Í þriðja sæti varð Sigurður Ólafsson, betur þekktur sem Búi, „hvunnagshetja, nauðsynleg hverju bæjarfélagi,“ traustur maður sem með margvíslegum hætti hefur sýnt að hann ber hag bæjarfélasis fyrir brjósti, „góður karl sem vill hjálpa öllum,“ eins og það var orðað. Betra gerist það ekki.

79 einstaklingar voru tilnefndir sem Vestfirðingar ársins 2010. Öllu þessu fólki eru sendar hamingjuóskir. Sem fyrr voru það Gullauga á Ísafirði, Skýrr hf, í Reykjavík og fréttavefurinn bb. is. sem stóðu að valinu. Að venju hlýtur Vestfirðingur ársins verðlaunagripi, smíðaða af Dýrfinnu Torfadóttur, gullsmíðameistara.

Öllum sem tóku þátt í að velja Vestfirðing ársins 2010 eru færðar þakkir.

Fyrirmyndin

Bæjarins besta finnst við hæfi, sem framhald á umfjöllun um val á Vestfirðingi ársins 2010, að vitna til orða Alfreðs Gíslasonar, þjálfara Þýskalandsmeistara Kiel í handbolta, sem hann lét falla á hádegisverðarfundum Þýsk-Íslenska viðskiptaráðsins í Reykjavík, s.l. föstudag, en þar fjallaði hann um íþróttir og rekstur fyrirtækja. Að því er Mbl. greindi frá voru skilaboð Alfreðs einföld: Vertu fyrirmynd annarra, vertu þú sjálfur og reyndu að fá það besta út úr öllum í stað þess að boða og drottna.

Íslenska þjóðin þarf svo sannarleg á góðum fyrirmyndum að halda. Valið á Vestfirðingi ársins 2010 og öðru því ágæta fólki sem þar var tilgreint styrkir trúna á að Vestfirðingar nái aftur vopnum sínum. s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



998
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBALÆRI

Að matbúa **Lambalæri**; sjá www.bonus.is smella á *Uppskriftir* síðan á **Lambalæri**



498
KR. KG



979
KR. KG



269
KR. KG

598
KR. KG

FROSIN LAMBASVIÐ

FROSINAR SVIDALAPPIR



898
KR. KG



979
KR. KG



798
KR. KG

KS FROSINN LAMBABÓGUR



1898
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



698
KR. KG

KS FROSID LAMBASÚPUKJÖT 1.FL



698
KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FROSID 100%
NAUTAHAKK 620g RÜLLAN

KS FROSINN INNMATUR **LIFUR OG HJÖRTU**



198
KR. KG

268
KR. KG

FRYSTI VARA



259
KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FERSKT
KJÖTFARS 620g RÜLLAN



Bærinn Efri-Engidalur í Skutulsfirði.

Litlar líkur á heilsufarsáhrifum

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlækniseimbættinu, segir afskaplega litlar líkur á að díoxín mengun frá Funa hafi haft áhrif á heilsu fólks í nágrenni stöðvarinnar. „Samkvæmt lögum þá ber embættinu að koma að vandamálu er tengjast syklu og eiturefnum. Þess vegna tókum við þátt í samstarfshópi sem skipaður hefur verið til þess að skoða áhrif mengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa, en í hópnunum sitja

einnig fulltrúar frá Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Geislavörnum ríkisins. Hópurinn átti fund á þriðjudag í síðustu viku þar sem við bárum sama bækur okkar, en í stuttu máli var niðurstaða fundarins sú að við teljum afskaplega litlar líkur á að mengunin hafi haft áhrif á heilsufar fólks,“ segir Haraldur.

Haraldur segir þó fyrirhugað að rannsaka frekar áhrif mengunarinnar. „Nú er verið að skoða

bæði fódrið og dýrin á bænum í Engidal. Í ljósi þeirra niðurstaðna verða svo teknar ákvarðanir um næstu skref. Það er mjög erfitt að áætla um heilsufarsáhrif svona mengunar en dýrin geta sagt okkur mikið til um það. Matvælastofnun er með miklar rannsóknir í gangi, niðurstöðurnar fáum við væntanlega í lok mánaðarins og þá getum við ákveðið hvort ástæða sé á frekari rannsóknum. Það er fyrst og fremst í

gegnum fæðu sem þessi efni safnst fyrir í okkur. Keðjan er þannig að grasbítar fá efnið í gegnum fódrið og svo borðum við kjötið. Þannig niðurstaða úr rannsóknum á dýrunum segir til um hvort einhver hættu sé á að efnið hafi borist í fólk,“ segir Haraldur.

„Díoxín er merkilegt efni og mikið eitur. Menn hafa séð í ákveðnum tilraunardýrum að efnið er krabbameinsvaldandi og hefur ýmiskonar áhrif á þroska.

Af þessum sökum hafa öryggismörk fyrir manninn verið sett mjög lágt. En maðurinn virðist í samanburði þola efnið ótrúlega vel. Menn hafa skoðað afleiðingar á stórslysum með þessi efni og hafa þá tekið eftir aukinni tíðni af sykursýki og krabbameinum til mjög langs tíma. En til marks um þol mannsins gegn efninu má benda á fyrrum forseta Úkraínu, Jútsjenkó, sem var byrjað eitur í kringum forseta-

Mengunarumræðan ekki líkleg til að hafa áhrif á ferðaþjónustu

Gústaf Gústafsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, telur að fregnir af mengun út frá Sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal muni ekki hafa merkjanleg áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu eins og staðan er í dag.

„Ég myndi halda að þetta hefði nánast engin áhrif á erlenda ferðamenn og mjög lítil áhrif á þá íslensku,“ sagði Gústaf aðspurður um álit hans á málinu. „Umræðan um sorpmál á landinu öllu sýnist mér vera á þann hátt að það er víða pottur brotinn í þeim málum, hvort sem um er að ræða sorp eða annan úrgang. Hann segir þó að hans mati hafi það verið óæskilegt fyrir ferðaþjónustuna að Funi hafi verið

starfræktur á þennan hátt. „T.d. er það ekki mjög ferðaþjónustuvænt á fallegum sumardegum að sjá mengunarslikju liggja yfir Skutulsfirði.

Íslendingar eru svo sem margir hverjir vanir slíku, ég ólst t.d. upp við bræðsluna á Patreksfirði með tilheyrandi peningalykt og maður velti þessu ekkert sérstaklega fyrir sér, þetta bara var svona, eins með sorpbrennsluna, en fyrir ferðamenn sem eiga leið hingað held ég að það sé ekki fýsilegt að upplifa reykmykk úr sorpbrennslu.“ Hann segir það því vera góðar fréttir fyrir ferðaþjónustuna að brennslu hafi verið hætt í Funa fyrir utan auðvitað lífsgæði íbúa á staðnum.



Gústaf Gústafsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða.

Gústaf segir sorpbrennslustöðina ekki vera það eina sem horfa þurfi til varðandi svona mál út frá ferðaþjónustunni. Sem dæmi tekur hann að örfáa metra frá

inngangi upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði séu staflar af rusli frá Edinborgarhúsinu. „Sú sjónræna mengun, fyrir utan lyktarmengunina þegar losa þarf rusl-

ið, er ekki sú upplifun og ímynd sem við viljum bjóða ferðamönnum upp á, þetta er eitthvað sem þarf að huga að alls staðar og í öllu sem við gerum.“



Ekki orðið vart við einkenni hjá fólki

Samkvæmt upplýsingum lækna á Ísafirði hefur ekki orðið vart neinna einkenna hjá fólki sem rekja má til díoxín-mengunar. Frá þessu er greint á vef Umhverfisstofnunar þar sem greint er frá því að farið verði í að kanna umfang og áhrif díoxín-mengunar í Engidal. Þá verði farið í að mæla díoxín-magn í búfjárafurðum og fóðri í námunda við sorpbrennsluna áður en gripið yrði til frekari aðgerða. Matvælastofnun vinnur að slíkum mælingum en vænta má niðurstaðna úr þeim í lok janúar. Þar segir jafnframt að Umhverfisstofnun hafi hafið þvingunaraðgerðir á hendur sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði í byrjun árs 2010 þar sem losun mengandi efna, s.s. ryks og þungmálma, voru samkvæmt mælingum 2009 yfir þeim mörkum sem um getur í starfsleyfinu. Mælingar hjá sorpbrennslunni árin 2005 og 2007 sýndu að losun var innan marka

starfsleyfisins.

Þrjár eldri sorpbrennslur eru starfandi sem hafa starfsleyfi samkvæmt undanþágu frá reglum (2003) þar sem meðal annars eru sett mörk um díoxín: Á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum og á Svínafelli. Sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði var lokað um áramót. Umhverfisstofnun hefur boðað rekstraráðila þessara starfandi sorpbrennslu á fund til þess að ræða stöðuna og framhaldið. Niðurstaða þess fundar er að gerðar verða nýjar mælingar á losun díoxíns frá sorpbrennslustöðvunum í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri í janúar en á Svínafelli í maí þegar stöðin verður komin í fullan rekstur.

Mælingar voru gerðar á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum og í Skutulsfirði árið 2007 sem sýndu að díoxín mældist yfir mörkum. Díoxín hefur ekki verið mælt á Svínafelli. Niðurstöður díoxín-mælingar frá árinu 2007 hljóðar svo að 2,1 ng/m³ mældist

í Skutulsfirði, 8,4 ng/m³ í Vestmannaeyjum og 9,5 ng/m³ á Kirkjubólaklaustri. Metin árslosun 2008 miðað við viðmiðunarstaðla (g I-TEQ) var 0,338 í Vestmannaeyjum, 0,020 á Kirkjubæjarklaustri og 0,087 í Skutulsfirði. „Sorpbrennslurnar brenna mismiklu magni af sorpi á ári sem skýrir muninn á heildarlosun milli stöðvanna. Uppreiknaðar tölur taka mið af flokkunarreglum loftslagssamningsins og samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (g I-TEQ). Aðeins er til ein mæling fyrir þessar stöðvar og ekki hægt að uppreikna árgildi á grundvelli einnar mælingar, það þyrfti fleiri til upp á áreiðanleika. Viðmiðunarmörk fyrir sorpbrennslur sem starfa á grundvelli EES-reglna frá 2003 eru 0,1 ng/m³ en þessar sorpbrennslur eins og áður getur starfa á undanþágu frá þeim reglum,“ segir á vef Umhverfisstofnunar.

Á vef Umhverfisstofnunar segir að díoxín sé þrávirkt lífrænt

efni sem getur valdið heilsutjóni í dýrum og mönnum. Rannsóknir benda til þess að áhrifin séu minni í mönnum en tilraunadýrum. Rúm 90% af því díoxíni sem maðurinn fær í sig kemur í gegnum fæðu. Sérstaklega í gegnum feitan mat, s.s. mjólkurvörur, kjöt- og fiskmeti. Talið er að tæp 2% af díoxíni í mönnum megi rekja til innöndunar.

Losun díoxíns á Íslandi er lítil í alþjóðlegum samanburði ríkja og landsvæða. Á síðastliðnum 20 árum hefur dregið hratt úr losun díoxíns í heiminum og minnkaði losun í ESB-27 ríkjum um 11 kg árið 1990 niður í rúm 2 kg árið 2008. Ísland losaði um 11 grömm árið 1990 en um 4 grömm árið 2008. Finnar losa lítið miðað við flestar Evrópuþjóðir eða aðeins rúmlega 15 g á ári, álíka og Írar. Norðmenn losa um 20 g á ári 2008 en Svíar reka lestina meðal Norðurlandþjóða með rúm 35 g á ári.

rifum

kosningarnar árið 2004. Hann kom einn daginn fram þakinn svokölluðum klórbólum og vanir menn voru ekki lengi að sjá að hér var um díoxín-eitrun að ræða. Tilræðismennirnir völdu hins vegar ekki gott efni því hann fékk þessi útbrot og varð síðar forseti við góða heilsu, þrátt fyrir að hafa innbyrt mörg hundruð þúsund sinnum meira magn af efninu en öryggismörkin kveða á um,“ segir Haraldur.

Díoxínið rétt yfir mörkum

Díoxín í mjólk frá kúabúi í nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa á Ísafirði mældist vera 3,98 pg/g fitu en það er rétt fyrir ofan leyfilegt mark sem er 3 pg/g fitu. Mjólkinn frá búinu blandaðist mjólk frá öðrum búum í nágrenninu og var því væntanlega mikil þynging á díoxíni í mjólkurvörum frá Mjólkursamsölunni.

Þar kemur fram að Mjólkursamsalan hafi látið gera eina mælingu á mjólk frá kúabúinu í nágrenni við Funa með fyrrgreindri niðurstöðu. Nú fer fram rannsókn á vegum Matvælastofnunar á díoxíni í kjötaf-urðum frá kindum. Einnig verða tekin ný sýni úr mjólk og fóðurrúllum frá kúabúinu í námunda við Funa.

– kte@bb.is



Engin merki um miska í hrossum

„Það er óvissa hjá hestamönnum eins og öðrum en við erum þó ekki óróleg yfir þessu. Ég held að mér sé óhætt að segja fyrir hönd flestra félagsmanna en við séum bara nokkuð brattir,“ segir Marinó Hákonarson, formaður Hestamannafélagsins Hendingar sem undanfarin misseri hefur byggt upp hesthúsa-byggð í Engidal, aðspurður um

viðhorf hestamanna á umræddu svæði um fregnir um mengun frá Funa.

„Maður hefur ekki orðið var við miska hjá hrossum vegna þessa, það hefur ekki verið merkjandi, en þetta vekur mann engu að síður til umhugsunar. Þegar rekstrarleyfi sem svona fyrirtæki þurfa að sækja um eru sveigjanleg fram og til baka skilur maður

ekki af hverju þau þurfa rekstrarleyfi yfir höfuð. Þetta er uppá-koma sem umhverfisráðuneytið og Ísafjarðabær þurfa að upplýsa fólk um hvað og hvar eitthvað brást,“ segir Marinó.

Aðspurður um fyrirhuguð verkefni hestamannafélagsins segir Marinó að hálfgerð rólegheit séu framundan. „Við erum enn að fást við þessi uppbyggingarmál

frá því að við fluttum úr Hnífssdal, það er kominn örlítill skriður á samningaviðræður og ég vona að menn beri gæfu til að leysa þau mál fyrir vorið.“ Eins og kunnugt er hefur félagið staðið í deilum við Ísafjarðarbæ um bætur fyrir skeiðvöll félagsins í Hnífssdal sem þyrfti að víkja fyrir vegarlagningu vegna Bolungarvíkurganga. – thelma@bb.is

Umhverfisstofnun hafði ekki heimild til að loka Funa

Ljóst var árið 2007 að díoxín mengun frá Funa væri yfir viðmiðunarmörkum. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki hafi verið hægt að loka sorpbrennslunni vegna undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins sem var innleidd 2003. Kristín segir, eftir á séð, að sú ákvörðun að fá undanþágu fyrir díoxín hafi ef til vill verið misráðin af íslenskum stjórnvöldum. „Við létum umhverfisráðuneytið vita af þessum díoxínmælingum í lok árs 2008.“ Mælingar 2005 og 2007 sýndu að brennslan var í lagi en 2009 var svo komið að ryk og þungmálmur voru langt yfir mörkum. Að sögn Kristínar dróst málið mikið hjá sveitarfélaginu.

Spurð hvort ekki hafi verið réttlætanlegt að svipta Funa vinnsluleyfi árið 2007 þegar vitað var að díoxín var tugfalt yfir viðmiðunarmörkum fyrir nýjar sorpbrennslur, segir Kristín Linda að hendur stofnunarinnar hafi verið bundnar. Ekki er getið um takmarkanir á díoxíni í útblæstri eldri sorpbrennslustöðva vegna undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins sem var innleidd 2003 og því hafi stofnunin engar heimildir til að svipta fyrirtæki starfsleyfi vegna þess.

Kristín viðurkennir að kannski hafi stofnunin sýnt of mikla þolinmæði. Hins vegar verði að gefa fyrirtækjum svigrúm áður en starfsemi þeirra sé aflögð. „En málið dróst vissulega mikið hjá sveitarfélaginu.“ Kristín segir að

engar ákvarðanir hafi verið teknar um hvort sýni verði tekin úr fólki vegna díoxín magns í útblæstri Funa. Ef slíku yrði kæmu fleiri að þeirri ákvörðun. Umhverfisstofnun gekk hart fram gagnvart sveitarfélaginu á síðasta ári. Í bréfi frá 16. desember segir að „öfullnægjandi mengunarvarnir Funa-sorpbrennslu sem hugsanlega hafa skaðleg áhrif á umhverfið og heilsu manna á svæðinu eru óásættanlegar að mati UST.“

Kristín segir að stofnuninni hafi á þeim tíma verið ljóst að díoxín hefði mælst í mjólk frá Efri-Engidal. Áform stofnunarinnar um stöðvun á rekstri hafi hins vegar tengst mælingum á ryki og þungmálmum en stofnunin hafi tekið fréttir um díoxín-

mengun í mjólk mjög alvarlega.

Haft hefur verið eftir Halldóri Halldórssyni, fyrrverandi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, að niðurstöður mælinga hafi verið kyntar jafn óðum. Samkvæmt leit í gagnasafni bb.is voru fyrstu fréttir af mengunarmælingum í Funa birtar 2004. Samkvæmt skýrslu um mengunarmælingar í útblæstri, frárennsli og ösku frá sorpeyðingarstöðinni frá árinu 2005 var innihald þungmálma í öskuleif frá brennsluofni og leir of hátt miðað við þau mörk sem gefin eru upp í starfsleyfi. Var þá tekið fram að pokasíuvirki hafi ekki virkt þegar mælingarnar fóru fram. Að hausti ári seinna var lögð fram fyrirspurn minnihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hvort farið hefðu fram

rannsóknir á útblæstri frá sorpeyðingarstöðinni Funa og kom þá fram í svari bæjarstjóra að reglulega væru framkvæmdar mælingar á útblæstri Funa og niðurstöður þeirra bornar saman við þær mengunarkröfur sem gerðar eru til stöðvarinnar. Voru þá niðurstöður mælinganna innan viðmiðunargilda.

Það var síðan ekki fyrr en í júlí síðasta sumar sem fréttir bárust af því að mælingar sýndu að í reyk frá Sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði eru fjölmörg efni langt yfir viðmiðunarmörkum. Þar bar hæst sink sem mælist rúmlega 24 sinnum meira en starfsleyfi heimilar, díoxín er sextán sinnum meira og þungmálmur eru fimmfalt meiri en starfsleyfi segir til um.

Framkvæmdu eiturefna- mælinguna eftir fyrirspurn frá íbúa

Fyrirspurn íbúa á Ísafirði urðu til þess að Mjólkursamsalan (MS) réðst í að gera mælingu á þrávirkum aðskotaefnum í afurðum. Mælingar og eftirlit á þrávirkum efnunum í umhverfinu eru hins vegar á höndum opinberra eftirlitsstofnana en ekki fyrirtækja. Umhverfisráðuneytinu var tilkynnt um að díoxínmæling í sorpbrennslunni Funa væri tugfalt yfir mörkum. Eins og fram hefur komið í fréttum mældust þrávirk aðskotaefni, þar á

meðal eiturefni díoxín, yfir viðmiðunarmörkum í mjólk frá bæ í Skutulsfirði sem stendur um kílómetra frá sorpbrennslunni Funa. Í framhaldinu var vinnsla á mjólk á bænum og dreifing á afurðum sem rekja mátti þangað stöðvuð af öryggisástæðum. Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir í samtali við Fréttablaðið að leitað hafi verið til fyrirtækisins um hvort mælingar hefðu verið gerðar á þrávirkum efnunum í mjólk. „Við gerum fjöldann

allan af mælingum á hverjum degi en mælingar eins og þessar eru ekki hluti af þeim. Það er annarra að sjá um þær. En við létum gera þessa mælingu af því að það kom upp þessi spurning frá íbúum. Það er stefna fyrirtækisins að eyða öllum slíkum vafa og niðurstöðan var nóg til þess að grípa til þessara aðgerða.“ Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur óskað eftir gögnum frá UST vegna málsins. Frá þessu var sagt í Fréttablaðinu.



Sorpbrennslan Funa í Engidal.

Vissi ekki af menguninni

Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (HV), segist engar spurnir hafa haft af mengun frá Sorpbrennslunni Funa í Engidal á undanförunum árum. Hann frétti af díoxínmælingu í útblæstri Funa á mánudag í síðustu viku þegar hann fékk sendan tölvupóst þess efnis frá Umhverfisstofnun, sem sendi HV afrit af öllum eftirlitsskýrslum með rekstri Funa frá 2005 til 2010.

„Við vissum að díoxín hefði einhvern tímann verið mælt en vissum ekki niðurstöðuna fyrr en tilkynningin barst,“ segir Anton. „Við höfum alltaf talið að við værum nokkuð örugg með þessa stöð. Það er eftirbrennsla á reyknum sem á að eyða þessum þrávirkum efnunum. Þó að við höfum séð reykjarmistur frá stöðinni höfum við hingað til talið að stöðin væri með búnað sem tryggði að svo mengandi efni færu ekki

frá henni,“ segir Anton í samtali við Fréttablaðið.

Hann útskýrir að Heilbrigðiseftirlitið fari ekki með eftirlit með sorpbrennslu. „Við förum með mengunareftirlit og matvælaeftirlit með ákveðnum fyrirtækjum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með sorpbrennslu. Síðan er ýmis önnur starfsemi sem við höfum ekki eftirlit með, til dæmis fiskimjölsverksmiðjur og stóriðja.“

– thelma@bb.is

Meiri mengun í Eyjum og á Klaustri

Díoxínmengun frá sorpbrennslum í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri var mun meiri en frá sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði árið 2007. Að því er fram kemur í Fréttablaðinu sýna niðurstöður mælingarinnar árið 2007 að díoxín í útblæstri í Vestmannaeyjum var 84 sinnum meira en viðmiðunarmörk fyrir sorpbrennslur sem starfa á grund-

velli EES-reglna frá 2003 gera ráð fyrir.

Díoxín frá sorpbrennslunni á Klaustri var 95 sinnum meiri en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir. Allar sorpbrennslurnar starfa á undanþágu frá EES-reglunum sem íslensk stjórnvöld sóttu um og fengu. Díoxín hefur ekki verið mælt á Svínafelli í Öræfum þar sem fjórða sorpbrennslan starfar.

Velkomin í Aukakrónur

Aukakrónur fagna nýjum samstarfsaðilum á Ísafirði og bjóða þá velkomna til samstarfs.

Kynntu þér kosti Aukakróna og sæktu um A-kort á aukakronur.is



A-kortin
Kreditkort sem safna
Aukakrónum fyrir þig

MONRÓ

Monró
- 7% -



Hafnarbúðin
- 5% -

LEGGUR OG SKEL
BARNA- OG UNGLINGAFATAVERSLUN

Leggur og skel
- 6% -

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Vill gera eitt góðverk á dag

Vestfirðingur ársins 2010 er Benedikt Sigurðsson, eflaust betur þekktur sem Benni Sig - íþróttakappi, skemmtikraftur og góðgerðamaður. Hann segir hér frá íþróttastarfinu, tónelskandi fjölskyldu og ákvörðun sinni um að reyna að láta gott af sér leiða í lífinu.

Góður drengur

Kosningin um Vestfirðing ársins 2010 skilaði afgerandi niðurstöðu. Margir töldu Benedikt, þekktari sem Benna Sig, góða fyrirmynd vegna íþróttastarfsins sem hann hefur lagt svo mikla rækt við í gegnum tíðina, á meðan aðrir nefndu góðgerðastarfið sem hann hefur sinnt af litlu minna kappi. Allir virtust þó vera sammála um að hann væri hreinlega „góður drengur“.

Benni sjálfur kom hins vegar alveg af fjöllum þegar honum var tilkynnt niðurstaða kosningarinnar og virtist helst halda að um væri að ræða símaat. „Ég veit ekki hvað ég hef gert meira en aðrir. Ég hélt að það væru allir í því að reyna að hugsa um náungann og láta gott af sér leiða,“ segir Benni, sem var að vonum afar þakklátur fyrir nafnbótina. „Þetta er náttúrulega mjög gaman fyrir mann,“ segir hann brosandí.

Í sundi frá fæðingu

Benni er fæddur á Ísafirði árið 1975 en hefur hins vegar búið í Bolungarvík frá nokkurra mánaða aldri. „Ég er blandaður sko, pabbi er frá Ísafirði, Siggí Búi og Hjartar stapa og mamma, Stína Karvels Pálmasonar, frá Bolungarvík,“ segir Benni og brosir. Hann á eina systur, Sólveigu, sem er þremur árum eldri en Benni en sömuleiðis búsett í Bolungarvík ásamt fjölskyldu sinni.

„Ég er búinn að vera í íþróttum frá því að ég fæddist og svo í tónlistinni í bland. Ég var bara smábarn þegar ég fór að æfa sund og hef eiginlega verið ofan í sundlaug frá því að ég fæddist,“ segir hann og hlær við. „Sundlaugin í Bolungarvík var byggð 1977. Þá fóru bara allir að æfa sund, þetta var svo nýtt og spennandi. Mínar fyrirmyndir í sundinu þá voru frændi minn og vinur

Magnús Már Jakobsson og Mumma Lóa þjálfarinn minn, sem er borinn og barnfæddur Ísfirðingur. Í körfuboltanum var það svo æskuvinnur minn Róbert Daníel Jónsson sem enginn réð við, og var um tíma burðarliður í úrvalsdeildarliði KFÍ. Ég var ekkert öðruvísi en aðrir í þessu og æfði allar íþróttir – ég hélt bara áfram svoltíð lengur en aðrir,“ bætir hann við.

Benni er í raun enn að. Hann æfir og keppir í sundi, hlaupum og þríþraut. Hann tók sér hins vegar örstutta pásu frá íþróttæfingum á unglingsaldri. „Ég æfði tvisvar á dag alveg þangað til ég varð svona sautján, átján ára. Þá fór maður aðeins að kíkja út á lífið og svona og hreyfði sig ekkert í nokkur ár, maður var bara á djamminu og gerði vitleysur eins og hver annar,“ segir hann og brosir við.

„Ég var hins vegar afskaplega stoltur yfir að vera kosinn íþróttamaður ársins árið 2009 í Bolungarvík, en margir gríðarlega sterkir íþróttamenn voru tilnefndir sem áttu það jafn vel skilið og ég,“ bætir hann við.

Íþróttir eru forvarnir

Síðustu tíu ár hefur Benni þjálfað Sundfélagið Vestra, bæði í Bolungarvík og á Ísafirði. Hann hætti því hins vegar um áramótin. „Það er náttúrulega forvarnarstarf fyrst og fremst, eins og allt íþróttastarf. Krakkar sem halda sig í íþróttum og líður vel innan hópsins sem æfir saman, sækja miklu, miklu síður út í eitthvað annað. Það benda allar rannsóknir til þess. Ég leit á þetta sem sundstarf sem forvarnarstarf fyrst og fremst, frekar en að vera að búa til Íslandsmeistara á færibandi. Það fylgir náttúrulega líka, en fyrst og fremst eru þetta forvarnir,“ segir Benni. Hann hefur einnig verið í samstarfi við Lýðheilsustöð um forvarnir í íþróttum.

Í dag stýrir hann einnig hlaupahópi ásamt Mörthu Ernstdóttur, sem hann segir hafa kennt sér mikið um hreyfingu og lífið almennt. „Við stofnuðum saman hlaupahóp í heilsuþænum Bolungarvík og erum í samvinnu ennþá. Hann er orðinn svona tveggja ára. Það eru yfir hundrað manns skráðir á Ísafirði, í hópnum sem hún er með, og þetta eru

á bilinu þrjátíu til fjötutíu manns í Bolungarvík,“ útskýrir Benni, sem telur töluverða vakningu hafa átt sér stað hvað varðar úti-hlaup á svæðinu.

Til að mynda kom hann á laggirnar mánaðarlegum 5 kílómetra götuhlaupum í haust, svokölluðum Hleðsluhlaupum, sem styrkt voru af MS og hafa verið afskaplega vel sótt. Hann hefur einnig staðið fyrir unglingsþríþrautum ásamt Bobba frænda sínum í Núp og félögum sem kalla sig Þrív-Vest, en það eru þríþrautakappar sem æfa saman og reyna að láta gott af sér leiða og hafa jákvæð áhrif á heilsubót fólks.

„Það er líka svo gaman að vera í svona félagsskap. Stundum er ég að spila á böllum til fjögur eða fimm og mæti svo á æfingu klukkan átta að morgni til að fara út að hlaupa,“ segir hann og hlær við. „Sem betur fer smakka ég ekki áfengi þegar ég kem fram, svo þetta gengur ágætlega,“ bætir hann við.

Tuttugu ára ballreynsla

Benni hefur ekki síður góða þekkingu á spilamennsku og ballamenningu en íþróttastarfi – þó ekki fyrir að hafa sjálfur verið tíður ballgestur. Hann hefur hins vegar spilað á fjöldamörgum böllum á síðustu tuttugu árum. Tónlist hefur alltaf verið stór hluti af lífi hans þó hann hafi aldrei lagt stund á eiginlegt tónlistarnám.

„Það er mjög mikil tónlist á heimili mínu og hefur alltaf verið. Það er aldrei kaffiboð í fjölskyldunni nema það sé tekið í gítar eða harmóníku eða píanó. Það er bara alltaf sungið, alveg sama hvert tilefnið er,“ segir hann frá. „Í æsku fór þar fremst í flokki móðuramma mín, Martha Sveinbjörnsdóttir, með gítarinn,“ bætir hann við.

„Þegar ég var sjö eða átta ára var ég farinn að kunna alla textana hans Hauks Morthens utan að. Hann var fyrsta uppáhaldið, held ég. Ég var alltaf syngjandi. Ég var kominn í bílskúrsband þegar ég var tólf ára og svo hefur þetta bara þróast áfram. Ég var líka mikið að spila með strákunum á Flateyri, séstaklega Stebba Jóns og Öнна og Halldóri Gunnari Pálssonum. Ég spila meira að segja ennþá með Halldóri Gunn-



ari,“ segir Benni.

Hann hefur þó spilað með fjöldanum öllum af öðru tónlistarfólki í gegnum tíðina. „Aðrir snillingar sem ég hef spilað mikið með síðustu ár og haft gaman af eru til dæmis Halldór Smáráson, Olgeirsbræður úr Bolungarvík, Kristinn Gauta, Sammi rakari, Halli Engilberts, Vagnssystkinin, Maggi Hávarðar, Kristinn Níelsar, Hulda Braga og fleiri, og fleiri. Mér fannst það líka mikill heiður að fá að syngja lag fyrir Baldur Geirmundsson á nýútkomnum disk hans, *Haust*, sem kom út fyrir jólin.“

Öflugt tónlistarlíf

Benni segir tónlistarlíf á Vestfjörðum afar öflugt og hafi jafnvel verið enn blómlegra fyrir nokkrum árum. „Fyrir svona tíu árum síðan var alveg ótrúlega öflugt tónlistarlíf hérna á svæðinu, það var eiginlega fáránlegt miðað við ekki stærri stað. Það

var held ég mest á Flateyri, og ég sótti mest þangað. Ég spilaði á Vagninum hverja helgi í þrjú eða fjögur ár. Ég er ekki að grínast,“ ítrekar hann og hlær við.

„Það var alltaf svo góð mæting hjá Bolvíkingum. Mér fannst líka mjög sérstakt og gaman að spila á Flateyri og Suðureyri, þar var líflegt og skemmtilegt fólk. Á öllum þessum böllum sem ég hef spilað á í gegnum tíðina hefur aldrei verið neitt vesen, rifrildi eða slagsmál. Fólk kom bara til að skemmta sér saman. Fólk var bara að fá sér, eins og sagt er í dag,“ segir hann glettinn.

Eftir tuttugu ár í ballbransanum hlýtur það að liggja í augum uppi að Benni hefur séð og heyrt ýmislegt misjafnt. Aðspurður um eftirminnileg atvik hlær hann við. „Það eru nú helst einhver sem maður vill ekkert segja frá,“ segir hann brosandí. „Ég ferðaðist um landið og var í hljómsveit með Hallbirni Hjartarsyni í nokkur ár. Við vorum á nokkrum kántrí-



hátíðum og svona, svo ég hef séð ýmislegt. Þetta var skemmtilegur tími,“ bætir hann kíminn við.

Skemmtikraftur, ekki tónlistarmaður

Benni kveðst hins vegar frekar hugsa um sjálfan sig sem skemmtikraft en tónlistarmann. „Það er lína þarna á milli. Maður getur verið tónlistarmaður, en er samt ekki endilega skemmtikraftur. Þegar ég fer upp á svið á böllum hugsa ég bara um að skemmta fólki og spila það sem fólk vill hlusta á – ekki það sem ég sjálfur vill spila,“ útskýrir hann.

„Ég les sjálfur ekki eina nótu. Það er gaman að segja frá því að fyrir nokkrum árum vantaði mig og Halldór Gunnar bassaleikara, því Valdi Olgeirs gat ekki spilað með í þessu giggi. Mér er það eftirminnilegt þegar Dóri sagði við mig „Benni minn, fyrir alla

muni ekki koma með einhverjum sem kann allt en getur ekkert.“ Það er kannski línan sem skilur á milli?“ segir Benni.

Hann kemur þó alls ekki eingöngu fram á böllum. „Ég hef sungið mikið í jarðarförum, brúðkaupum og stórafmælum á ýmsum stöðum. Svo hef ég líka um svona tíu til fimmtán ára skeið farið reglulega á elliheimilið og skemmt eldri borgurum hérna í Bolungarvík og til að vera með gamla fólkinu. Við syngjum þá saman og svona. Það er mjög gefandi og eiginlega það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir hann.

„Eins fer ég ekki suður til Reykjavíkur án þess að kíkja í Skálatúnshemilið í Mosfellsbæ þar sem frændi minn býr, Bergur Ingi Guðmundsson. Þar er þá að sjálfsgöðu slegið saman í stórhljómsveit. Það gefur mér afskaplega mikið og ég sæki mjög mikið þangað með fjölskylduna. Eins leyfi ég stórvini mínum honum Guðmundi Þórarinssyni alltaf

að taka lagið hvar sem ég kem fram og hef gert það í um tíu ár. Svo kemur hann daginn eftir og fær sér kaffi og kökur hjá mér og við ræðum síðasta „giggið“. Svona hlutir fá mann til þess að meta lífið og sjá hvað er virkilega mikilvægt,“ segir Benni.

Meðvituð ákvörðun

Benni hefur sömuleiðis getið sér góðs orðs fyrir góðgerðastarf sitt. Hann hefur komið að fjölda mörgum fjáröflunarverkefnum, staðið fyrir tónleikum, safnað áheitum og ýmislegt fleira.

„Þetta var eiginlega svolítið meðvituð ákvörðun hjá mér, þegar ég var svona tvítugur, að láta gott af mér leiða. Ég lenti í því í skóla að það voru einn, tveir einstaklingar í mínum árgangi sem voru lagðir alveg hrikalega í einelti. Ég var kannski ekki einn af þessum höfuðpaurum, en ég tók samt þátt í þessu,“ segir Benni frá.

„Þegar maður eltist aðeins fór maður að hugsa um þetta. Og ég fór og bað viðkomandi aðila afsökunar, þessa bekkjasystur mína. Ég er víst sá eini í bekknum sem hefur gert það. Mér leið rosalega vel á eftir og henni líka, og við erum góðir vinir í dag. Fólk verður að hafa hugfast að það á ekki að dæma fólk eftir mistökum heldur hvernig það vinnur úr þeim. Ég held að það hafi örugglega allir einhvern tíma tekið þátt í því að gera eitthvað sem þeir sjá eftir, sama hvort það er einelti eða eitthvað annað.

Upp úr þessu ákvað ég bara að reyna að láta gott af mér leiða. Ef ég sé einhvern sem á bágð þá vil ég að reyna að hjálpa honum. Ég reyni bara að lifa eftir því og er alinn þannig upp af foreldrum mínum og er afskaplega þakklátur og stoltur fyrir það þegar ég lít til baka. Þetta er ágætis lífsmottó,“ segir hann. „Ég reyni að gera eitt góðverk á hverjum einasta degi. Stundum þarf ekki

meira en að bjóða einhverjum einfara góðan daginn. Það gæti reddað deginum hans,“ segir Benni, sem kveðst eiga þetta lífsviðhorf sameiginlegt með móður sinni. „Svona er mamma í hnotskurn og má ekkert aumt sjá.“

Tónleikar og maraþonsund

Í nóvember hélt Benni tónleika til styrktar Fjölskylduhjálpar kirkjunnar. „Ég reyni að halda tónleika einu sinni, tvisvar á ári til að styrkja eitthvað málefni. Ég hef gert það í fjöldamörgum árum. Í ár fékk ég unga stelpu með mér, Sunnu Karen Einaradóttur frá Ísafirði. Við syngjum tvö saman og við erum svona að spá í að láta jafnvel verða eitthvað meira úr þeirri samvinnu hjá okkur, syngja meira saman og jafnvel gefa eitthvað út,“ segir Benni frá.

Í desember lagðist hann svo til sunds til styrktar öðru góðu málefni. „Á Ísafirði býr stelpa sem

slasaðist á skíðum fyrir fjórum árum og lamaðist. Fyrir ári síðan tók ég þátt í söfnun fyrir hana – þá var hún að fara til Bandaríkjanna að læra á skíði fyrir fatlaða. Svo rakst ég á hana einhvern tíma seinna og við vorum að spjalla. Af því að ég er svo mikið að hlaupa og hjóla og svona, sagði hún mér að hana langaði svo að fá sér sérstakt hjól, sem er knúð með höndunum. Allt slíkt er hins vegar svo dýrt,“ segir hann.

Eftir þennan fund var Benni ákveðinn í því fyrir hverju hann ætlaði að beita sér á árinu. „Ég beit það eiginlega alveg í mig í samtalinu, þó ég segði henni nú kannski ekkert frá því, að ég ætlaði að safna fyrir svona hjóli. Það tókst núna fyrir jólin,“ segir hann. Benni safnaði áheitum og synti tíu kílómetra, nokkuð sem hefur aldrei verið gert í sundlaug á Íslandi áður svo vitað sé. Í heildina söfnuðust tæplega fimm hundruð þúsund krónur, sem Benni segir framarsínum björtustu vonum. „Þetta sýnir bara hvað samfélagið er sterkt hérna fyrir vestan. Ég hugsaði með mér að ég næði kannski að safna hundrað þúsund krónum. En svo kom um hálf milljón og langmest frá einstaklingum,“ segir Benni. „Það þarf náttúrulega alltaf einhvern til að fá hugmyndina og setja svona verkefni af stað. En svo ríður mest á að fólkið komi með – þetta gengur aldrei upp nema fólk taki þátt,“ bætir hann við.

Nammibindindi

Annað uppátæki Benna sem vakti töluverða eftirtekt var þegar hann skoraði á krakkana sem hann þjálfaði í sundi að takast á hendur eins árs nammibindindi. „Þetta var umtalað um allt land, bara!“ segir Benni. „Það voru sjö krakkar minnir mig sem stóðust þetta alveg ásamt mér, drukku ekkert gos og borðuðu ekkert sælgæti í heilt ár. Þau voru á aldrinum níu ára og upp í fjórtán. Ég get sagt fyrir mitt leyti að það var helvíti erfitt að sleppa jólaölinu. Það er í rauninni alveg magnað að svona ungir krakkar hafi getað staðist þetta í heilt ár. Þetta sýnir líka að ef maður er nógu sannfærandi við fólk þá virðist það geta gert hvað sem er,“ segir Benni.

Hann fór sjálfur í álfka bindindi á yngri árum og veit því vel hvað í því felst. „Ég held að það sé hollt fyrir fólk að prófa einhvern tíma að kanna hvað það þolir og hvað það getur. Það á mjög vel við mig að gera það. Þegar maður nær að klára eitthvað svona er það svo mikil viðurkenning fyrir mann. Ég hvet fólk til að prófa að gera eitthvað þessu líkt. Að vera ekki alltaf í sama norminu heldur spenna bogann svolítið hátt og setja pressu á sjálf sig,“ segir Benni.

Skipulag skiptir öllu

Á þessum árstíma keppist fólk iðulega við að fara að þessum ráðum Benna og setja sér ýmis markmið – sama hvort þau eru kölluð áramótaheiti eða öðrum nöfnum. Benni hefur sjálfur töluverða reynslu af slíkri markmiðasetningu, og aðspurður um galdurinn við það að ná umræddum markmiðum segir hann skipulag skipta höfuðmáli.

„Ég hef til dæmis verið að æfa mjög mikið síðustu þrjú, fjögur ár. Ég æfi í tvo til fjóra tíma á dag. Þetta þarf að passa inn í allt annað sem ég og aðrir í fjölskyldunni taka sér fyrir hendur,“ segir hann.

Benni er sömuleiðis á því að eftir því sem fólk hefur meira að gera skipuleggi það sig betur og vinni fyrir vikið skilvirkari vinnu. „Ég hef til dæmis verið í kennaranámi og sagnfræði síðustu ár. Núna í haust var ég hins vegar ekki í námi og þá fann ég að ég var latari – af því að ég hafði minna að gera. Eftir því sem maður hefur meira að gera skipuleggur maður sig betur og allt gengur betur upp,“ segir hann.

„Maður þarf bara að ákveða og taka frá tíma: „Ég ætla að fara út að hlaupa þarna eða synda þarna“ og hvika aldrei frá því. Þetta snýst í rauninni um að gera stundaskrá fyrir sig. Þá veit heimilisfólk líka hvar þú ert og hvenær þú ert ekki heima. Ef maður skipuleggur sig ekki svona vel þá fer bara meiri tími í hangs,“ bætir hann við.

Fæðingarorlof í vændum

Benni og eiginkona hans, Fjóra Sigríður Bjarnadóttir, eiga saman tvö börn, Sigurð Bjarna fjórtán ára og Karólínu Sif níu ára, sem bæði eru á kafi í íþróttum. „Hann er í körfubolta og stelpan í sundi og dansi. Svo er hún líka alveg á fullu í tónlist, hún er greinilega með þetta í sér. Ætli hún verði ekki eins og pabbi sinn,“ segir hann brosandí.

Þegar blaðamaður Bæjarins besta náði tali af Benna var fjölgyngur í fjölskyldunni aukin heldur von á hverri stundu. „Já, já, það voru hríðir eða verkir í alla nótt. Svo ég á von á barni... kannski á eftir bara,“ segir hann og hlær við.

Opinbert starf Benna bætist svo ofan á annars hið hefðbunda fjölskyldulíf, en hann er veðurathugunarmaður í Bolungarvík. „Ég nota starfsheitið veðurathugunamaður á Sólvöllum, eins og Geiri vinur minn segir,“ segir hann og brosir. „Við hjónin höfum gert þetta í sameiningu í mörg ár, við tókum veðrið á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn, allt árið: klukkan tólf, þrjú, sex og níu á degi sem nóttu. Þetta

getur verið lýjandi, að sofa aldrei nema þrjá tíma í einu. En svo er maður líka svo heppinn að geta átt daginn heima og tekið á móti krökkunum úr skólanum og fylgt þeim á æfingar og stutt þau við námið þó maður sé í fullri vinnu. Þetta hefur sína kosti og galla,“ útskýrir hann.

Þó daglegt líf geti verið erilsamt býr svo fjölskyldan svo vel að eiga sælureit í Skálavík. „Þar slökum við vel á og hlöðum batteríin og njótum samverunnar,“ segir Benni.

Spennandi ár í vændum

Eftir tíu ára starf sem sundþjálfari lét Benni af störfum nú um áramótin. „Ég ákvað að hætta með sundfélagið Vestra. Það voru mikil ferðalög í þessu og svona. Nú ætla ég bara að taka mér sex mánaða fæðingarorlof,“ útskýrir Benni.

Hann hefur síðustu ár verið í kennaranámi, en skipti yfir í sagnfræði í fyrravor. „Ég tók hins vegar frí frá sagnfræðinni núna í haust út af óléttunni, svo konan mín gæti klárað sitt nám. Hún á eftir eitt og hálf ár í hjúkrunarfræði, í fjarnámi frá Akureyri. Við vonum að þetta gangi upp, að vera með lítið barn en hún sé í skóla þessa önn. Ég ætla að njóta þess að vera heima með barnið og leyfi henni að liggja í bókunum,“ segir hann.

Það er þó ýmislegt sem bíður athygli Benna á meðan á fæðingarorlofinu stendur. „Spilamennskan hefur farið mjög mikið vaxandi hjá mér og ég ætla að reyna að sinna henni líka. Hún er mitt aðaláhugamál eða hugsjón,“ segir Benni.

„Hljómsveitin mín hefur verið bókunð svolítið fyrir sunnan núna, á ýmis þorablót og fleira. Svo er verið að semja, svo það gæti alveg verið að það verði skellt í útgáfu,“ segir Benni, sem hefur ekki gefið neitt út af eigin efni áður. „Ég hef sungið inn á fullt af diskum fyrir ýmsa aðra, en ég hef aldrei gert það sjálfur. Svo veit maður ekki nema við Sunna Karen gerum eitthvað saman líka. Hún er frábær söngkona – eiginlega alveg fáránlega góð miðað við aldur. Enda er hún frænka mín,“ segir hann og hlær stríðnislega.

Sunna Karen fetar nú sömu braut og tveir forverar hennar. „Fyrst var það Ingvar Alfreðsson frá Ísafirði, nú hljómborðsleikari í hljómsveitinni Bermúda, sem var undirleikari gospelkórsins og samspilari minn þangað til hann fór suður til frekara náms. Síðan Halldór Smáráson, hann sinnti sama starfi þar til hann hélt líka suður í nám. Og nú er Sunna Karen undirleikari gospelkórsins og samspilari minn. Það má segja að ég yngi alltaf upp, enda heldur það mér ungum. Það eru engin aldursmörk í tónlist og allir jafnir,



sjáið bara unglíngana Villa Valla og Óla málara,“ segir Benni.

Par að auki vonast Benni til að geta haldið áfram með gömul verkefni sem hafa fengið að safna ryki síðustu misseri. „Ég er að grúska í einu og öðru. Ég er með ýmislegt í bígerð. Ég er til dæmis með tvær ókláraðar skáldsögur í skúffunni – það er eitthvað sem maður hefur lítið getað sinnt síðustu ár. Það eru þarna margra ára hugmyndir sem ég vona að ég fari að komast í núna í fæðingarorlofinu,“ segir Benni.

Vestfirðingar ársins

Eins og áður sagði eru Benni og Halldór Gunnar Pálsson, sem er hvað þekktastur sem kórstjóri önfirnska karlakórsins Fjallabæðra, góðir vinir.

„Mér finnst þess vegna svolítið gaman að vera valinn Vestfirðingur ársins núna, því Halldór Gunnar var valinn í fyrra. Við erum bestu félagar og spilum mikið saman. Við spilum til

dæmis alltaf á svona lókal hátíð sem er haldin árlega á Grenivík og erum æviraðnir. Fyrir nokkrum árum sömdum við til dæmis lag fyrir þá hátíð – hann samdi lag og ég texta. Við förum þangað aftur í sumar og troðum þá líklega upp sem Vestfirðingar ársins, eða eitthvað álíka“ segir Benni og hlær við.

Hann hefur fylgst grannt með störfum Halldórs Gunnars og segir það aðdáunarvert sem honum hefur tekist að gera með Fjallabæður. „Ég held að það sé kannski eitthvað sem lærist hér fyrir vestan. Þegar maður býr hér þá skiptir maður svo miklu máli, svo ekki sé minnst á Rokk-hátíð alþýðunnar sem eitt gott dæmi. Fólk er svo vant því að það gerist ekki neitt nema það geri það bara sjálft – og það er drifkraftur sem heldur áfram þó að fólk flytjist suður, til dæmis. Ég held að það sé mjög gott að hafa þennan bakgrunn héðan að vestan,“ segir Benni að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.



Ræða hefði átt niðurstöður mælinga

„Mikil umræða hefur verið um mengun frá sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal síðan MS tilkynnti að mjólk frá bæ í nágrenni stöðvarinnar hefði verið innkölluð í kjölfar díoxínsmælinga. Díoxíninnihald mjólkurinnar reyndist 33% yfir viðmiðunarmörkum, þ.e. 3,98 pg/g af fitu en viðmiðunarmörkin voru 3,0 pg/g af fitu. Bæjaryfirvöld brugðust við þessum upplýsingum frá MS með því að hætta brennslu í Funa tafarlaust. Síðan þá hefur verið unnið með þar til bærum eftirlitsaðilum að því að varpa ljósi á málið,“ segir í tilkynningu sem blaðinu hefur borist frá Ísafjarðarbæ.

„Bæjaryfirvöldum hefur verið ljóst að mengun frá Funa væri meiri en ásættanlegt væri, enda var unnið að því allt síðasta kjörtímabil og til loka síðasta árs að finna leiðir til úrbóta í sorpeyðingu. Leiðir sem væru ásættanlegar íbúum og viðráðanlegar fjárhagslega. Farsæl niðurstaða um lokun Funa fékkst í byrjun desember s.l. með fullri samstöðu allrar bæjarstjórnar og byggir hún á sjónarmiðum bæjaryfirvalda um sorpflokkun og endurvinnslu.

Bæjaryfirvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki varað bæjarbúa við umræddri mengun og fyrir að hafa ekki staðið sig sem skyldi í því að kynna niðurstöður mælinga. Sú gagnrýni á

að vissu leyti rétt á sér. Eftir á að hyggja hefði átt að ræða niðurstöður mælinga af meiri festu og kanna betur hvaða í þeim fælist og kynna þær fyrir bæjarbúum. Jafnframt hefði, í ljósi þess að mælingar sýndu mengun umfram viðmiðunarmörk, þurft að hraða enn frekar ákvarðanatöku um framtíð sorpmála eða finna lausn sem drægi úr mengun tímabundið á meðan framtíðarlausn var fundin.

Þó verður að mótmæla því að mælingum hafi verið stungið undir stól. Mælingar voru m.a. kynntar á íbúafundi ári eftir að þær komu út og fulltrúar í umhverfisnefnd bæjarins hafa staðfest að þær hafi verið ræddar þar. Bæjarráð og bæjarstjórn fengu einnig öll gögn er málið varða í ágúst s.l. Niðurstöður mælinganna voru einnig sendar viðkomandi eftirlitsstofnun þegar þær bárust til Funa. Það er því ekki hægt að fullyrða að bærinn hafi viljað halda þeim leyndum frá bæjarbúum þó að kynningin hefði getað verið markvissari.

Bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar harma þá stöðu sem kominn er upp varðandi mjólkurframleiðslu í Engidal og munu að sjálfsögðu axla alla þá ábyrgð sem þeim er unnt til að koma málum í eðlilegt horf og bæta mögulegt tjón sem rekja má til mengunar frá stöð-

inni. Ennfremur telja bæjaryfirvöld mikilvægt að allri óvissu um frekari mengun og framtíð landnytja í Engidal verði eytt sem fyrst. Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ vilja í samvinnu við stjórnvöld sjá til þess að rannsóknir á díoxínmengun í Engidal í Ísafjarðarbæ verði fullnægjandi. Rannsaka þarf alvarleika málsins og framtíðarhorfur svæðisins, sem nær yfir berjalönd og matvælaframleiðslu. Hafi díoxínlosun verið með skaðlegum hætti

þarf að finna skýringar á því hvers vegna ekki var varað við hættunni og hvers vegna viðunandi þótti að engin viðmiðunarmörk væru í gildi um díoxínlosun Funa og nokkurra annarra brennslustöðva.

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ biðja bæjarbúa afsökunar á að starfræksla Funa hefur ekki verið með þeim hætti sem æskilegt hefði verið og einnig á þeim miklu töfum sem urðu á úrbótum í þessum málum. Rannsókn

málsins er þegar hafin hjá eftirlitsstofnunum og er nú beðið niðurstaðna úr mengunarmælingum. Framhald málsins, sem Ísafjarðarbær mun taka fullan þátt í, hlýtur að ráðast af þeim niðurstöðum. Bæjaryfirvöld hafa þegar hafist handa við að gera samantekt um feril málsins og munu leggja hana fram svo fljótt sem auðið er til að upplýsa íbúa,“ segir ennfremur í tilkynningunni sem undirrituð er af Daníel Jakobsyni, bæjarstjóra.

**Opið hús
í Félagsheimilinu**

**Opið hús verður
í Félagsheimil Bolungarvíkur
þann 15. janúar næstkomandi á milli
kl. 14 og 17. Framkvæmdir við endurbætur
eru komnar á lokastig, en formleg opnun hússins
fer fram síðar í vetur. Allir áhugasamir eru hvattir til
að mæta og skoða húsið hátt og lágt. Hægt er að
mæta hvenær sem er á tímabilinu 14 – 17 þar sem
ekki verður um formlega dagskrá að ræða að þessu
sinni. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.
Bolungarvíkurkaupstaður.**

Mig skortir orð þegar ég hugsa til þess hversu ómetanlega, þið kærur bæjarbúar og nágrennar, hafið reynst mér og fjölskyldu minni á erfiðum tímum. Nú við fráfall elskulegs sonarsonar míns,

Brynjars Þórs Ingasonar
Fjarðarstræti 2, Ísafirði

Við höfum allsstaðar verið umvafin kærleik og hlýju. Fyrir það viljum við færa ykkur hjartans þakkir. Guð blessi ykkur og varðveiti minningu Brynjars Þórs. Pálína Þórarinsdóttir og aðrir aðstandendur.



Jólin dönsuð á brott

Jólin voru kvödd í Bolungarvík með formlegum hætti á mánudagskvöld er haldin var álfagledi með brennu, flugeldasýningu og öllu tilheyrandi. Álfar, tröll og ýmsar aðrar kynja-verur létu sig ekki vanta á fagnaðinn, en það er mál margra að álfar flytjist búferlum einmitt það kvöld. Svo lengi sem elstu menn muna hefur það tíðkast að kveðja jólin á þennan hátt á þrettánda og síðasta degi jóla en gleðinni var þá frestað vegna

slæms veðurs.

Fögnuðurinn fór fram á Hreggnasavelli og í fararbroddi voru konungur og drottning ásamt sveinum þeirra auk álfa, trölla, forynja. Við brennuna var sungið og dansað og í lokin var flugeldasýning að hætti Bolvíkinga. Bolvíkingar og Ísfirðingar hafa lengi haft samvinnu um álfabrennu á þrettánda til skiptis á hvorum stað, þó að komið hafi fyrir að fagnaðurinn hafi fallið niður vegna veðurs.

– *ihelma@bb.is*



Einungis 2-4% afföll

Góður árangur hefur náðst í föngun og áframeldi á þorski hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf. (HG). Bátar HG veiða milli 150 og 200 tonn af þorski í Ísafjarðardjúpi á ári til áframeldis, að því er fram kemur í nýjustu Fiski-fréttum. Þorskur sem veiddur er til áframeldis fer fyrst í sérhannaða sjótanka um borð og þaðan í söfnunarkvíar.

Flutningabátar dæla síðan lifandi þorskinum upp og flytja hann í sjókvíar þar sem hann er alinn í sláturstærð. Vel hefur tekist til með að halda afföllum niðri. Þau voru allt að 20-30% þegar mest var fyrir nokkrum árum en í dag eru þau ekki nema 2-4%.

Styrkir eldri borgarana

SpKef sparisjóður á Ísafirði afhenti í síðustu viku Félagi eldri borgara 240 þúsund króna styrk til að aðstoða félagsmenn við að halda úti félagsmiðstöð félagsins í vetur. Félagsmiðstöðin er til húsa í kjallara Dvalarheimilisins Hlífar og var opnuð fyrir fáeinum vikum.

Til að halda starfseminni gangandi þarf viðveru starfsmanna og hafði félagið ósk að eftir styrk frá Ísafjarðarbæ en var hafnað. Vonir félagsins standa til að hægt verði að hafa starfsmanna í fjóra tíma á dag, fimm daga vikunnar.

Ekki á borðinu

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir hugmyndina um samstarf Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur um rekstur leikskólans Bakkaskjól í Hnífsdal ekki vera á borðinu.

„Þetta var nefnt áður en tekin var ákvörðun um að loka Bakkaskjóli. Það hefur ekki borist neitt erindi um þetta til okkar. Þar fyrir utan held ég að þessi hugmynd sé óraunhæf. Við höfum því miður ekki þörf fyrir þessi pláss og ætlum þar af leiðandi ekki að reka leikskóla fyrir Bolvíkinga. Húsið hefur hins vegar verið auglýst til leigu þannig ef þeir vilja leigja og reka leikskólann þá er þeim það velkomið,“ segir Daníel.

Starf húsvarðar Félagsheimilis Bolungarvíkur

Bolungarvíkurkaupstaður leitar að metnaðarfullum einstaklingi með ríka ábyrgðartilfinningu í starf húsvarðar við Félagsheimilil Bolungarvíkur. Viðkomandi þarf að eiga gott með mannleg samskipti og eiga auðvelt með að stjórna fólki auk þess að hafa góða umgengni og snyrtimennsku að leiðarljósi í störfum sínum. Um er að ræða 50% stöðugildi fyrst um sinn. Reiknað er með að ráða í starfið frá og með 1. febrúar næstkomandi. Allar frekari upplýsingar fáast á vefnum www.bolungarvik.is eða hjá bæjarstjóra. Áhugasamir um starfið eru vinsamlegast beðnir að skila inn skriflegri umsókn á bæjarskrifstofuna, Aðalstræti 12, Bolungarvík eða í tölvupósti til bæjarstjóra, elias@bolungarvik.is eigi síðar en 24. janúar næstkomandi. Bolungarvíkurkaupstaður

Fiska fyrir meira en frystitogarar

Bolvísku smábátarnir vöktu athygli árinu sem var að líða fyrir góð aflbrögð og þá sér í lagi krókaaflamarksbátarnir sem eru yfir 10 brúttótonn. Fjórir bátar hafa trónað í efstu sætum yfir aflahæstu bátana allt síðasta ár og nam aflinn á árinu nær 6.000 tonnum. Þetta eru bátarnir Guðmundur Einarsson ÍS og Sirrý ÍS, sem fyrirtækið Jakob Valgeir ehf., gerir út, Hrólfur Einarsson, sem Völusteinn gerir út, og Einar Hálfðáns ÍS sem Blakknes ehf., gerir út. Aflbrögð voru mjög góð árið 2010; í janúar í fyrra slógu bæði Guðmundur Einarsson og Sirrý aflamet, en aflí Sirrýar var þá 220 tonn í mánuð-

inum. Guðmundur Einarsson byrjaði líka árið vel, en í fyrsta róðri ársins kom hann með 12 tonn að landi og var meðalvigt þorsksins 7,3 kíló, sem er fáheyr.

Að sögn Guðbjartar Flosasonar, framleiðslustjóra hjá Jakobi Valgeiri, má gera ráð fyrir að aflaverðmæti bátanna sé um 1.400 milljónir króna. Þess má geta að stærsti fyrstítogari Vestfirðinga, Júlíus Geirmundsson, sló á síðasta ári met í aflaverðmæti en þá landaði togarinn afla að verðmæti 1.323 milljónir króna. Fer því nærri að um sama aflaverðmæti sé um að ræða hjá frystitogarunum annars vegar og hins vegar krókabátunum fjórum.

Hásetahluturinn árið 2010 var í kringum 30 milljónir á bátum í eigu Jakobs Valgeirs, að sögn Guðbjartar.

„Hjá hvorum bát um sig starfa um 10-12 manns þegar beitingamenn í landi eru taldir með. Hjá öllum bátunum starfa því um 50 manns. Auk þess starfa hjá okkur 40 manns í fiskvinnslunni sem reidir sig mikið á hráefni frá þessum bátum. Á hverjum bát eru þrír menn og er róið þannig að tveir eru á sjó og einn í landi en með þessu fyrirkomulagi geta bátarnir róið gott sem sleitulaust þegar veður leyfir,“ segir Guðbjartur Flosason.

– kte@bb.is



Afli bátanna árið 2010 var sem hér segir:

Sirrý ÍS	1.687 tonn
Guðmundur Einarsson ÍS	1.644 tonn
Hrólfur Einarsson ÍS	1.294 tonn
Einar Hálfðáns ÍS	1.263 tonn

Jón Sigurðsson í Byggðasafninu

„Gestum safnsins fjölgaði umtalsvert síðasta sumar og voru um 9.500 sem er fjölgun um meira 1000 gesti,“ segir Björn Baldursson, safnvörður hjá Byggðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði. „Hellingur gestanna voru farþegar með skemmtiferðaskipum, en annars voru út- lendingar í miklum meirhluta gesta og aðeins fjórðungur Íslendingar,“ segir Björn, sem aðspurður segir starfsemi safnsins næsta sumar verða með svipuðu móti og undanfarin ár. „Eitthvað verður þó um nýjungar. Við erum t.d. að vinna með sjóminjasafninu Víkinni í Reykjavík að sýningu sem verður sett upp annars vegar hér og hins vegar í Reykjavík. Tilefnið er 200 ára fæðingarsafnið Jóns Sigurðssonar í ár og þema sýningarinnar byggir á bókinni *Litla fiskibókin* sem Jón skrifaði og innihélt praktískar leiðbeiningar til bænda og fiskimanna,“ segir Björn.

„Við höldum svo áfram með saltfiskverkunina með svipuðu móti og var síðasta sumar en auk

þess ætluð við að blása aftur til saltfiskveislu en hún féll niður síðasta sumar. Við kaupum flattan fisk frá Tálknafirði og svo sjáum við um að salta hann og sólþurrka. Þetta hefur verið töluvert vinsælt og margir kaupa sér saltfisk þegar þeir kíkja hér við í heimsókn og svo seljum við líka fiskinn í Kolaportinu í Reykjavík,“ segir Björn. Byggðasafnið hefur keypt nokkra báta á undanförunum árum og segir Björn viðgerðir á þeim vera að ljúka.

„Við stefnum að því að klára tvo báta fyrir sumarið sem verða þá báðir haffærir. Annars vegar er þetta trillan Sædis sem er 14 tonna trébátur og var smíðaður hér á Ísafirði árið 1938. Það er Magnús Alfredsson sem hefur unnið að viðgerðinni í nokkur ár eftir því sem tími og fjármagn hefur leyft. Þá er það báturinn Gunnar Sigurðsson ÍS, sem var í eigu Jóns Rafns Oddssonar, en þetta er 10 tonn bátur sem var smíðaður í skipasmíðastöðinni Bátalóni árið 1974,“ segir Björn og bætir því við að fyrirhugað sé



að sigla bátunum næsta sumar en ekki sé búið að ákveða með hvaða sniði siglingarnar verða.

„Þá ætluð við að gera harmo-

nikkusafninu góð skil næsta sumar. Það var Ásgeir Sigurðsson sem gaf safnið, sem telur um 170 nikkur, en nú erum við að

taka saman litla bók um safnið sem áformað er að prenta næsta sumar,“ segir Björn.

– kte@bb.is

Flokkun skjala lýkur í vor

Gert er ráð fyrir að skráningu skjala frá hinu opinbera verði lokið á Ísafirði í mars. Frá árinu 2008 hefur staðið yfir flokkun öryggismálaskjala og annarra skjala frá utanríkisráðuneytinu hjá héraðsskjalasafninu á Ísafirði. Verkefninu var hrint úr vör til að skapa atvinnu og í fyrstu var ætlað að það tæki tvö til þrjú ár en vonast var til að unnt yrði að framlengja verkefnið í sex ár með flokkun á ýmsum skjölum frá ráðuneytum. Ekki var þó settir peningar í áframhaldandi skrá-

ningarverkefni í fjárlögum ársins í ár.

„Við höfum verið að flakka fyrir ríkisstofnanir og það verkefni klárast samkvæmt áætlun í vor. Við vitum svo ekki hvort einhver önnur verkefni verði að fá en erum að kanna alla möguleika. Samkvæmt afgreiðslu fjárlaga er þó ekki gert ráð fyrir því,“ segir Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði.

Að sögn Jónu Símóníu hefur verkefnið gengið afar vel. Verk-

efnið var í raun tvískipt. Annar hluti verkefnisins var skráning, flokkun og frágangur gagna frá utanríkisráðuneytinu en einnig verður annað verkefni Þjóðskjalasafnsins til tveggja ára unnið samhliða sem miðar að því að flokka gögn safnsins frá sýslumannsembættum víðs vegar um landið. Heildarmagn gagna um sýslumannaembættin var í upphafi um 1.200 hillumetrar en verkefnið var unnið á þremur stöðum víðsvegar um landið.

– thelma@bb.is

Nauðungarsölum fækkaði á milli ára

Nauðungarsölum fasteigna fækkaði töluvert milli ára hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði. Á síðasta ári voru 81 fasteignamál skráð hjá embættinu en þau voru 108 árið áður. Er það minnsti fjöldi í fimm ár en árið 2008 voru fasteignamálin 104, árið 2007 voru þau 116 talsins og 93 árið 2006.

Einungis eitt mál kom á borð embættisins sem varðar bifreið

og lausafé bæði á síðasta ári og árið áður. Nauðungarsölumálum getur lokið með afturköllun, árangurslausri nauðungarsölu og sölu sem lýkur með útgáfu afsals til kaupanda. Svo eru einhverjum málum ólokið, þ.e. þau eru enn í ferli, t.d. frá árinu 2009/2010, t.d. þegar gerðarbeiðandi óskar eftir því að málið sé sett í frest.

– thelma@bb.is

Skattar, gjöld og



Staðgreiðsla 2011

Staðgreiðsla skatta 2011 er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

Af fyrstu 209.400 kr.....	37,31%
Af næstu 471.150 kr.	40,21%
Af fjárhæð umfram 680.550 kr.	46,21%

Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 44.205 kr. Sjómannaafsláttur er 740 kr. á dag.

► Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að passa að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 209.400 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 40,21% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, eða eftir atvikum 46,21%.

► Tryggingagjald

Tryggingagjald er 8,65% og er óbreytt frá fyrra ári.

► Fjármagnstekjuskattur

Frá 1. janúar 2011 er skattur á fjármagnstekjur 20%.



Framtal og álagning 2011

► Barnabætur

Fjárhæðir barnabóta eru óbreyttar frá fyrra ári. Skerðing vegna tekna verður 3% með fyrsta barni (var 2% áður), 5% með öðru barni og 7% með þremur börnum og fleiri. Þá eru greiðslur með hverju barni yngra en 7 ára nú tekjutengdar en voru það ekki áður. Þær skerðast með hverju barni um 3% af tekjum umfram 1.800.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 3.600.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

► Vaxtabætur

Hámark vaxtabóta fyrir einhleyping verður 400.000 kr. (var 246.944 kr.), fyrir einstætt foreldri 500.000 kr. (var 317.589 kr.) og fyrir hjón/sambúðarfólk 600.000 kr. (var 408.374 kr.).

Til útreiknings vaxtabóta eru notuð vaxtagjöld samkvæmt reit 87 (og/eða 166) á framtali. Þau geta þó ekki orðið hærrí en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skerðing vegna tekna verður 8% af tekjustofni (var 6%).

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.000.000 kr. (var 7.119.124 kr.) og falla niður þegar eignin nær 6.400.000 kr. (var 11.390.599 kr.).

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 6.500.000 kr. (var 11.390.599 kr.) og falla niður þegar eignin nær 10.400.000 kr. (var 18.224.958 kr.).

bætur



► Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Til viðbótar við hefðbundnar vaxtabætur kemur sérstök niðurgreiðsla vaxta við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012.

Vaxtaniðurgreiðslan er 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, þó að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. fyrir hjón, sambúðarfólk og einstæða foreldra. Niðurgreiðslan og vaxtabætur getur ekki orðið hærrí en vaxtagjöld ársins.

Vaxtaniðurgreiðslan er ekki tekjutengd, en skerðist miðað við eignir.

Skerðing hjá einstaklingi byrjar við nettóeign 10.000.000 kr. og fellur niður þegar eignin nær 20.000.000 kr. Skerðing hjá hjónum, sambúðarfólki og einstæðum foreldrum byrjar við nettóeign 15.000.000 kr. og fellur niður þegar eignin nær 30.000.000 kr.

Vaxtaniðurgreiðsla er greidd út í tvennu lagi, 1. maí og 1. ágúst.

► Auðlegðarskattur

Á nettóeign einhleypings umfram 75 milljónir kr. og nettóeign hjóna umfram 100 milljónir kr. er lagður 1,5% auðlegðarskattur.

Auðlegðarskattur er ekki lagður á félög.

► Fjármagnstekjuskattur

Fritekjumark vegna vaxtatekna er 100.000 kr. á mann.

Fritekjumark vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði er 30% af leigutekjum.

Fritekjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði.

► Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga verður 18% við álagningu 2011.

Tekjuskattur annarra lögaðila verður 32,7%.

Gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.



Allir vinna

Í framtali 2011 er veitt lækkun á tekjuskattsstofni manna vegna vinnu við endurbætur og viðhald á íbúðar- og frístundahúsnæði til eigin nota. Frádrátturinn er 50% af vinnu, án vsk., þó að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi og einstæðu foreldri og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skilyrði er að sótt hafi verið um frádráttinn, með umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, fyrir 1. febrúar 2011 (sjá eyðublaðið RSK 10.18).



RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar á www.rsk.is

Nýtt fyrirkomulag sorpmála

Nýr rekstraraðili, Kubbur ehf., hefur tekið við sorphirðu og –eyðingu og rekstri gámostöðva í Ísafjarðarbæ. Í tilkynningu frá bæjaryfirvöldum segir að búast megi við millibils ástandi í sorpmálum sem gæti varað í nokkra daga á meðan nýr aðili nær tökum á verkefninu. Fólk er beðið um að sýna málinu skilning, en ef vart verður við verulega hnökra á

fyrirkomulaginu er fólk beðið um að tilkynna slíkt til Einars Péturssonar, starfsmanns verktaka, í síma 456-3095.

Verktakinn sem sá um sorphirðu í Ísafjarðarbæ hefur fjarlægð alla gáma af gámostöðvunum um bæinn nema við Funa á Ísafirði þar sem þeir gámar eru í eigu bæjarins. Því eru engar fastar móttökustöðvar annars staðar

en við Funa að svo stöddu, en söfnunarkör verða þó til að byrja með staðsett í Holti og á Gemlufalli eins og verið hefur. Þá hefur verið gerð breyting á rekstri grenndastöðva þannig að nú verða ekki gámar staðsettir þar lengur. Í staðinn kemur bíll þrívaxar í viku í tvær klukkustundir í senn og tekur við sorpi. Í tilkynningu frá bænum segir að þetta sé

gert af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi sé talið að umgengni verði betri þar sem ekki verði hægt að skilja illa flokkað sorp eftir við gáma og í annan stað sé þetta fyrirkomulag talsvert ódýrara.

Þegar líður að vori er gert ráð fyrir frekari breytingum á hirðu venjulegs heimilissorps, en þær breytingar verða kynntar betur síðar. Gert er ráð fyrir að þær

breytingar taki gildi 1. mars. Fyrirhugað er að urða sorpið og endurvinnna það sem hægt er að endurvinnna. Í því felst að íbúar munu hætta að nota poka og fá tvær tunnur á hvert heimili, aðra fyrir óendurvinnanlegt sorp og hina fyrir endurvinnanlegt. Þeir sem eru með hefðbundnar plasttunnur geta notað þær áfram segir í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ.

„Sorpmálin stefna í klúður“

„Þessi umskipti í sorpmálum eru farin að líkjast kómedíuleikhúsi,“ segir Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtakanna á Flateyri. „Það var búið að taka gámana af svæðinu hérna strax eftir áramót án þess að nokkur tilkynning hefði borist um að slíkt væri í bígerð. Við fengum svo dreifibréf frá bænum um að búið væri að loka gámasvæðinu og að bíll myndi koma hingað þrjá daga í viku og sækja sorp. Bíllinn átti að koma ákveðinn dag og ég stóð á planinu og beiddi með rusl til förgunar en eng-

inn kom bíllinn. Það er mikið gleðiefni að mínu mati að búið sé að drepa í undir Funa, en það þýðir ekki að allt þurfi að fara í vitleysu þegar nýr aðili tekur við. Þá hefur óbrennanlegt sorp ekki verið fjarlægð úr tunnum hér síðastliðnar vikur og enginn veit hvað gera á við pokana. Það stendur í tilkynningunni frá bænum að þetta verði skýrt betur þann 1. mars nk., en hvað á að gera þangað til? Eigum við að flokka sorpið áfram eins áður og þá farga óbrennanlega sorpinu sjálf?“ spyr Guðmundur. „Kannski er bara besta að mæta með ruslið fyrir framan Stjórnsýsluhúsið og skila því þangað.“

Guðmundur segir Flateyri hafa fagnað því þegar ákveðið var að hætta urða sorp á Klofningi, rétt fyrir utan þorpið. „En það á eftir að ganga frá svæðinu sem er í miklu reiddileysi og töluvert af rusli sem fýkur þar yfir hæðir og móa. Þá var ösku úr Funa sturtað þarna núna í haust



Formaður íbúasamtakanna á Flateyri segir nauðsynlegt að ganga frá gamla urðunarstaðnum við Klofning á Flateyri.

eftir að leyfi til urðunar hafði verið afturkallað. Nú er komið í ljós að reykurinn úr Funa var baneitraður og sjálfsagt er askan ekki síður eitruð, en þarna var þessu sturtað ófrágengið og það

ofan í rennandi vatn í þokkabót. Frágangur þarna þolir enga bið,“ segir Guðmundur.

„Mér sýnist að ástæðan fyrir þessu óskipulagi sé samskiptaerfiðleikar milli verktakanna og

bæjarins. Það er hins vegar bagalegt þegar samskiptaerfiðleikar koma niður þjónustu við bæjarbúa. Allt þetta mál virðist stefna í að verða eitt þjóðsöguklúður,“ segir Guðmundur. –kte@bb.is

smáar

Öska eftir að kaupa notaðan skíðaútbúnað fyrir lítinn gutta. Skíði (ca. 70 cm), skíðaskó (notar skó nr. 28) og skíðahjál. Uppl. í síma 848 2080.

Til sölu eru 40 feta frystigámur. Er í toppstandi og ný yfirfarinn. Uppl. í síma 892 7523.

Fyrir hvern er barist?

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Að undanfögnu hefur einn þingmannanna Vestfirðinga farið mikinn. Skotmarkið er Sorpbrennslustöðin Funi. Saga Funa er engin sérstök frægðarför. Deilt var um staðsetningu og vitað er að einn bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar var mjög mótfallinn þessari leið þegar Eiddur Guðnason umhverfisráðherra Alþýðuflokksins, forvera Samfylkingarinnar, beitti áhrifum sínum, sumir vilja meina þrýstingi, til þess að fá bæjarstjórn til að byggja þessa glæsilegu nýttu sorpbrennslustöð. Hann var að vísu í minnihluta og varð síðar forseti bæjarstjórnar og var málinu ekki hreyft fyrr en hann yfirgaf bæjarstjórnina. En Funi var reistur á stað sem enginn valdi þegar kosið var um staðsetningu í kjöri sem var jafnvel verr sótt en kosning til Stjórnlagabings. Staðurinn var kunnur snjóflóðahættustaður, enda féll snjóflóð á Funa 25. október 1995. Alla tíð hafa margir skammast yfir bláu slæðunni sem frá honum lagði, enda líkar sumum blái liturinn illa. Hann er líka einkennislitur Funa.

Nú er hins vegar komið í ljós að dfoxnmengun hefur mælst í litlu magni, svo litlu að ekki er talið að það hafi skaðleg áhrif þótt menn stæðu við útblásturinn og önduðu því að sér, nema náttúrulega menn fengu oföndunareinkenni af því að anda því svo hraustlega að sér í því skyni að sanna hættuna. Nú þurfa allir, ekki síst stjórnmalamenn, að draga andann djúpt og bíða þess að rannsóknir fari fram af viðurkenndum vísindamönnum sem geta leitt í ljós hvað er um að ræða

og við að fást. Meira að segja núverandi umhverfisráðherra dregur andann af rósemi og hugleiðir að veita tveggja ára frest til úrbóta. Í ljós hefur líka komið að ástandið er ekki betra í Suðurkjördæmi, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. En þar hamast þingmenn ekki við að sverta sínar heimabyggðir með eitri og eituráhrifum.

Vestfirðingum hefur fækkað enn eitt árið og nú ríður á því að málsmetandi menn standi vörð um byggðina og fólkið, en grafi ekki undan að ástæðulausu. Það einkennir allt of marga stjórnmalamenn að ræða málin án þess að kynna sér þau til hlítar og rökkin verða oftast útundan við þær aðstæður. Það þarf meiri rósemi í íslenska umræðu í stjórnmalum. Stjórnmal eiga menn að fást við af yfirvegun, þekkingu og hófsemi, ekki með þessum dæmigerðu lítillandi upphrópunum stjórnmalamanna sem eru að hugsa um stundaráthugi í eigin skyni. Þeir eru kosnir á Alþingi og í sveitarstjórnir til þess að vinna fyrir okkur sauðsvartan almúgann sem þarf ekki pólitísk menngunarslys til viðbótar við önnur alvarleg viðfangsefni. En vissulega dregur upphrópunar umræðan athyglina frá vandræðum á ríkisstjórnarheimilinu þegar illa gengur að halda fólki saman í einum hópi. En við þurfum ekki á því að halda Vestfirðingar að Alþingismenn tali okkur niður með upphrópunum.

Biður fólk um að sýna skilning

„Ég verð að biðja fólk um að sýna skilning á meðan við erum í þessu millibilsástandi með sorphirðuna,“ segir Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Nokkur óánægja hefur verið meðal íbúa um hvernig staðið hefur verið að breytingum á sormálum bæjarins og Daníel segir það ekki koma á óvart. „Upphaflega ætluðum við að taka lengri tíma í þessar breytingar, en vegna þess að loka þurfti Funa tafarlaust höfum við haft mjög lítinn tíma til að keyra þetta í gegn. Það má því gera ráð fyrir að einhverjir annmarkar verði á framkvæmdinni í byrjun.“

Eitt af því sem hefur verið kvartað yfir er óvissa um hvernig flokka eigi sorphirði. Í tilkynningu frá bænum þar sem nýtt fyrirkomulag sormála er kynnt, segir að breytingar á hirðu venjulegs heimilis-sorps verði kynntar 1. mars, en ekki er tilgreint hvernig ganga eigi frá sorphirðinu þangað til. „Á meðan við erum að bíða eftir

nýjum tunnum, verður fyrir-komulagið óbreytt. Í millitíðinni heldur fólk áfram að flokka í poka, annars vegar brennanlegt sorp og hins vegar óbrennanlegt,“ segir Daníel, og bætir við: „Svo er fyrirhugað að fólk flokki í tvær tunnur og þá verður einnig hætt að nota poka. Í annarri tunnuni verður endurvinnanlegt sorp flokkað í sjö mismunandi hól en í hina fer allt óendurvinnanlegt sorp. Upphaflega stóð til að tunnurnar yrðu komnar áður en færðum af stað með breytingar, en eins og ég sagði þá hafa málin þróast á annan veg en til stóð,“ segir Daníel.

„Eina breytingin sem orðið hefur er að bíðið er að loka gáma-stöðvunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, en í staðinn verða bílar staðsettir á þessum söfnun-arstöðum þrisvar í viku. Það má reyndar taka fram að í fjöldapóst sem sendur var til bæjarbúa í gær láðist að tilgreina þriðja daginn, en bíllinn verður sem sagt



Daníel segir lokun Funa hafa flýtt fyrir breytingum á sorphirðu bæjarins.

einnig til staðar á laugardögum,“ segir Daníel.

Ekki var hægt að bera annmarka á sormálum undirverk-taka sorphirðunnar í dag og var

blaðamanni þá vísað á Funa, en þar á bæ var honum aftur vísað á bæjarskrifstofurnar. „Ég vil enn og aftur biðja fólk um að sýna málinu skilning enda um óvenju-

legar aðstæður að ræða. Ef ekki er hægt að tilkynna annmarka til verktakans þá vil ég biðja fólk um að hafa samband við skipti-borð bæjarins,“ segir Daníel.

Niðurgreiðslur til rafhitunar hækka

Niðurgreiðslur til rafhitunar á veitusvæði Orkubús Vestfjarða hækka úr 3,54 kr/kWst í 4,15 kr/kWst í dreifbýli og úr 2,63 kr/kWst í 2,81 kr/kWst í þéttbýli. Var það ákveðið með reglugerð frá iðnaðarráðuneytinu dags. 30. desember. Niðurgreiðslur vegna kynnta hitaveitna breytast ekki. Eins og fram hefur komið hækkaði verðskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforkudreifingu hækkaði um 6% nú um áramótin. Hækkunin er tilkomin vegna verðhækkana á erlendum aðföngum og annarra verðlagshækkana. Þá hækkaði verðskrá OV fyrir hitaveitur einnig um 6% nú um áramótin af sömu orsökum.

Orkustofnun, sem fer með eftirlitshlutverk með tekjumörkum flutnings- og dreifiveitna, hefur

yfirfarið hækkunina og staðfest að hún sé innan tekjuheimilda sem Orkubú Vestfjarða hefur skv. raforkulögum. Þá hefur iðnaðarráðuneytið staðfest hækkun á verðskrá OV fyrir hitaveitur og auglýst hana í stjórnartíðindum.

Virðisaukaskattur á rafhitun hækkaði úr 2,59% í 7% um áramótin þar sem endurgreiðsla á skattinum fellur niður samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti fyrir í desember. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2011 var gert ráð fyrir niðurskurði á niðurgreiðslum til húshitunar, en til mótvægis við niðurfellingu á endurgreiðslu virðisaukaskatts til húshitunar, var fjármunum aftur bætt við þær við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2011.

– thelma@bb.is

Sólborg lokað í ár

Hjúkrunardeildinni á Sólborg á Flateyri verður lokað á árinu 2011 og þörfinni fyrir hjúkrunar-rými þar mætt með öðrum hætti. „Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þarf, eins og aðrar heilbrigðis-stofnanir landsins að draga saman í rekstri. Þeirri lækun verður ekki mætt nema með samdrætti í starfsemi þar sem megnið af útgjöldum stofnunarinnar eru laun,“ segir í tilkynningu frá stofnuninni. Þar segir einnig að unnið sé

að öðrum hagræðingaraðgerðum innan stofnunarinnar en þær munu líta dagsins ljós á nýju ári.

Ákveðið var í byrjun síðasta árs að hjúkrunardeildinni yrði lokað á vordögum 2010 en sú ákvörðun mætti mikilli móttöðu, ekki síst meðal heimamanna en Álfheiði Ingadóttur heilbrigðis-ráðherra, var afhent undirskriftarlisti u.þ.b. 80% kosningabærra Önfirðinga þar sem lokuninni var mótmælt. – thelma@bb.is

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda hefst á Ísafirði 28. janúar nk.

Ath! Blikur eru á lofti varðandi verð og fyrirhugaðar breytingar á atvinnuréttindum!

Ath! Verkalýðsfélög veita allt að 100þúsund króna styrk.

Vinnumiðlanir veita allt að 70 þúsund króna styrk.

Skráning í sínum 892 6570 og 892 6571. Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.



Kjúklingaréttur uppteknu konunnar

Margrét býður upp á tvo ljúffenga rétti. Fyrst er það kjúklingaréttur uppteknu eiginkonunnar sem hún segir að sé tilvalinn réttur svona rétt eftir jólin þar sem kokkur heimilisins er búin að standa sveittur yfir pottunum í marga tíma/daga. Þá þessi góði græni bæði fljótlegur og mjög einfaldur í undirbúningi, en hann tekur ca 10 mín að gera með innkaupum. (ef ekki er langt í búð). Síðan er það ferskur pastaréttur að hætti Ítala þar sem allt er gert frá grunni.

Kjúklingaréttur uppteknu eiginkonunnar

Stillið ofninn á 170-180 gráður. Skellið í meðalstórt eldfast mót:
2 stk krukur Sacla Pesto grænt
1/5 flaska hlynsýróp
6 skt kjúklingabringur

Skellið síðan inn í ofninn og bakið í ca 30 mín. Borið fram með smábrauði og hrísgrjónum (einnig má vera ferskt salat)

Ferskt ítalskt pasta

Byrjið á að stilla ofninn á hæsta hita og grill.
Sjóðið ferskt tagliatelle 1-2 pakkar, ef um þurr pasta er að ræða eru það ca 6-8 boltar.

9 stk vel þroskaðir meðal stórir tómatar skornir mjög smátt
2-3 msk Maldon Salt
2 msk nýmalaður Svartur Pipar
6-8 st hvítlauks rif fín söxuð
3-2msk ólífuoía

Þetta allt hrært saman og sett í eldfast mót á grill og hæsta hita í 5-10 mín.

Tekið út og tómatar stappaðir með gaffli eða kartöflustöppu. Síðan er:

30 blöð fersk basilíka söxuð
1 peli rjómi eða 1 dolla sýrður rjómi

Sett út í og sett aftur inn í ofn-



inn í 5 mín, að því loknu er sósan tekið út og pastað sett út í.

Borið fram með smábrauði og ferskur parmesan ostur sem er síðan rifinn yfir.

ATH!: Ef maður vill hafa rétt-

inn matarmeiri er gott að skera 2-3 st kjúklingabringur í strimla og setja út í eða humar.

Ég skora á Hrafnhildi Hafberg á Ísafirði að koma með góða uppskrift í næsta blaði.



Stoltir foreldrar ásamt nýársbarninu.

Fyrsta barn ársins fætt

Fyrsta barn ársins 2011 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði kom í heiminn þriðjudaginn 4. janúar. Stoltir foreldrar piltins eru Magnea Ingibjörg Hafsteinsdóttir og Njáll Flóki Gíslason á Ísafirði og er pilt-

urinn þriðja barn þeirra. Drengurinn vó 3962 grömm við fæðingu og var 55 cm á lengd. Athygli vekur að drengurinn fæddist á sama degi og fyrsta barn ársins í fyrra en það var einnig drengur. 54 börn fædd-

ust á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á síðasta ári sem er sami fjöldi og árið áður. Árið 2008 litu 73 börn dagsins ljós á sjúkrahúsinu en ekki hafa verið fleiri fæðingar á FSÍ í 10 ár. – thelma@bb.is

Áskorunin

Eiríkur Jóhannsson.
27 ára kokkur.



Eiríkur hefur skorað á sjálfan sig að taka ærlegt heilsuáttak og hefur góðfúslega lofað lesendum BB að fylgjast með gangi þess. Í byrjun árs vó hann 105,6 kíló og fituprósentu var 24,4% og mældist 112 sm í mitti. Markmiðið er að fara undir 95 kíló á tólf vikum. „Stefnan er að 0,5-1 kíló á viku sem er alveg raunhæft og í raun og veru eðlilegt þyngdartap. Markmiðið er einnig að bæta þrek og styrk og langtímamarkmiði hans er að geta hlaupið heilt Óshlíðarhlaup næsta sumar. Nú er bara að koma líkamanum í stand fyrir það. Við munum því vera í hlaup-, þrek- og styrktaræfingum í vetur,“ segir Árni Heiðar Ívarsson einkaþjálfari sem tekið hefur að sér að leiðbeina Eiríki í lífstílsbreytingunni. Rétt ber þó að geta að Eiríkur var nú þegar búinn að missa nokkur kíló áður en hann byrjaði í átakinu og vó í upphafi um 113 kíló.



VERTU VINUR OG ÞÚ VINNUR FYRIR LÍFIÐ

Tryggðu þér vinarúmer hjá umboðsmanni þínum á Vestfjörðum eða í síma **552 2150** eða á www.sibs.is

Silja Jóhannsdóttir, Skálholti, Barðaströnd, sími **456 2080**, 451 Patreksfjörður.

Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími **456 1100**, 450 Patreksfjörður.

Sparisjóður Vestfirðinga, Strandgötu 38, sími **450 2500**, 460 Tálknafjörður.

Birna Kristinsdóttir, Dalbraut 16, sími **456 2128**, 465 Bíldudalur.

Guðrún Bjarnadóttir, Vallargötu 12, sími **456 8393**, 470 Þingeyri.

Alla Gunnlaugsdóttir, Ránargötu 1, sími **450 2500**, 425 Flateyri.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, Sími **456 7510**, 415 Bolungarvík.

Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími **456 5010**, 400 Ísafjörður.

Víkurbúðin, Grundarstræti 1, sími **456 4981**, 420 Súðavík.

Jónas Helgason, Æðey, sími **566 7604**, 401 Ísafjörður.

Fyrsti útdráttur verður 14. janúar 2011

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið. Miðaverð aðeins **1.100 kr.**
SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma eða slys.

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

40 yfir milljónir
í hverjum mánuði 2011